

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um kynrænt sjálfræði

Frá forsætisráðherra.

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Lög þessi kveða á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina sjálfir kyn sitt og miða þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Einnig er lögnum ætlað að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Kyn (kynverund)*: Safnhugtak sem nær m.a. yfir kyneinkenni, kyngervi, kynvitund og kyntjáningu.
- Kyneinkenni*: Líkamlegir/líffræðilegir þættir sem tengjast kyni, svo sem kynlitningar, hormónastarfsemi, kynkirtlar og kynfæri.
- Kyngervi*: Félagslega mótaðar hugmyndir, væntingar og viðmiðanir sem byggjast á kyneinkennum fólks.
- Kynósamræmi*: Verulegt og viðvarandi ósamræmi milli kynvitundar einstaklings og þess kyns sem honum var úthlutað við fæðingu.
- Kyntjáning*: Félagsleg tjáning einstaklings á kyni sínu.
- Kynvitund*: Upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreiningu hans á því.
- Líkamleg friðhelgi*: Óskoraður réttur einstaklinga til sjálfræðis yfir eigin líkama og virðingar fyrir rétti þeirra til lífs, öryggis, frelsis og mannglegrar reisnar.

II. KAFLI

Réttur einstaklings til að skilgreina sjálfur kyn sitt.

3. gr.

Réttur einstaklings til að skilgreina sjálfur kyn sitt.

Sérhver einstaklingur nýtur óskoraðs réttar til:

- að skilgreina sjálfur kyn sitt,
- viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kyntjáningu,
- að þroska persónuleika sinn í samræmi við eigin kynvitund,
- líkamlegrar friðhelgi og sjálfstæðis varðandi breytingar á kyneinkennum.

4. gr.

Réttur til að breyta opinberri skráningu kyns.

Sérhver einstaklingur sem náð hefur 15 ára aldri hefur rétt til að fá breytt skráningu á kyni sínu í þjóðskrá. Beiðni um slíka breytingu skal beint til Þjóðskrár Íslands. Jafnhliða breyttri skráningu kyns á umsækjandi rétt á að breyta nafni sínu.

Óheimilt er að gera skurðaðgerð, lyfjameðferð, hormónameðferð eða aðra læknismeðferð, svo sem geðlæknismeðferð eða sálfræðimeðferð, að skilyrði fyrir breytingu á skráningu kyns.

Breyting skv. 1. mgr. felur í sér rétt viðkomandi einstaklings til að fá útgefin persónuskilríki sem samrýmast breytingunni, svo og gögn sem varða menntun hans og starfsferil.

Á öllum opinberum skrá og öðrum opinberum gögnum skal kyn einstaklings skráð eins og það er skráð í þjóðskrá.

5. gr.

Breyting á skráðu kyni barns sem er yngra en 15 ára.

Barn yngra en 15 ára getur með fulltingi forsjáraðila sinna fengið breytt opinberri skráningu kyns síns. Ákvörðun um breytingu á kynskráningu barns skal tekin með hagsmuni þess að leiðarljósi og vera í samræmi við vilja þess og þróun kynvitundar.

Jafnhliða breyttri skráningu kyns síns á barnið rétt á að breyta nafni sínu.

Barn sem ekki nýtur stuðnings forsjáraðila sinna, annars eða beggja, til breytingar á skráðu kyni sínu getur lagt ósk um breytingu fyrir sérfræðinefnd skv. 9. gr. og breytt skráningunni ef sérfræðinefndin fellst á erindi þess.

6. gr.

Kynhlutlaus skráning.

Hlutlaus skráning kyns er heimil.

Aðilum sem skrásetja kyn, hvort sem það eru opinberir aðilar eða einkaaðilar, ber að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns t.d. á skilríkjum, eyðublöðum og í gagnasöfnum og skal skráningin táknuð með óyggjandi hætti. Í vegabréfum skal ávallt tákna kynhlutlausa skráningu með bókstafnum X.

7. gr.

Takmörkun á heimild til að breyta skráningu kyns.

Breyting á skráningu kyns samkvæmt lögum þessum og samhliða nafnbreyting skal einungis heimiluð einu sinni nema sérstaklega standi á.

8. gr.

Áhrif kynskráningarbreytingar á réttarstöðu.

Réttarstaða barns gagnvart foreldri sem fengið hefur breytt opinberri skráningu kyns síns, sbr. 4. gr., er hin sama og áður en breytingin var gerð.

Einstaklingur sem hefur fengið breytt opinberri skráningu kyns síns nýtur allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér.

Sérhver einstaklingur á rétt á heilbrigðisþjónustu í samræmi við kyeinkenni sín, óháð skráningu kyns.

Reglur sem gilda um konu sem gengur með og fæðir barn gilda einnig um einstakling sem gengur með og fæðir barn eftir að hafa breytt skráningu kyns síns.

9. gr.

Sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningu barna.

Ráðherra skipar sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningu barna til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír einstaklingar. Skal einn þeirra vera læknir með barnalækningar sem sérgrein, tilnefndur af landlækni, annar sálfræðingur með barnasálfræði sem sérsvið, tilnefndur af Sálfræðingafélagi Íslands, og sá þriðji skal vera lögfræðingur, tilnefndur af ráðherra sem fer með mannréttindamál.

Sérfræðinefndin tekur ákvarðanir skv. 3. mgr. 5. gr. Við meðferð mála getur sérfræðinefndin aflað álits annarra sérfræðinga eftir því sem ástæða þykir til.

Nefndarmenn og sérfræðingar sem aflað er umsagna hjá samkvæmt þessari grein skulu gæta fyllsta trúnaðar um málefni þeirra sem til nefndarinnar leita.

10. gr.

Viðurkenning erlendra kynskráningar og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Úrskurður erlends dómstóls eða skráning erlends lögbærs yfirvalds á breytttri skráningu kyns og breyttu nafni einstaklings nýtur fullrar viðurkenningar á Íslandi.

Einstaklingur sem sótt hefur um alþjóðlega vernd hér á landi getur óskað eftir því að í skráningarskírteini, sbr. 34. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, verði kyn hans skráð í samræmi við kynvitund hans enda þótt það samrýmist ekki skilríkjum hans frá heimaríki.

III. KAFLI

Líkamleg friðhelgi og breytingar á kyneinkennum.

11. gr.

Líkamleg friðhelgi.

Óheimilt er að gera varanlegar breytingar á kynfærum, kinkirtlum eða öðrum kyneinkennum einstaklings 16 ára eða eldri án skriflegs samþykkis hans. Til varanlegra breytinga teljast m.a. skurðaðgerðir, lyfjameðferðir og önnur óafturkræf læknisfræðileg inngrip.

Um undantekningar frá meginreglunni í 1. mgr. gilda lög um réttindi sjúklinga.

Áður en breyting skv. 1. mgr. er gerð skal veita viðkomandi einstaklingi ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða meðferð, þar á meðal um framgang hennar, áhættu og gagnsemi, hvort hún hafi áhrif á getu hans til að auka kyn sitt, svo og um önnur hugsanleg úrræði og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst. Einnig skal einstaklingnum boðið að leita álits annars sérfræðings um nauðsyn aðgerðarinnar honum að kostnaðarlausu. Hafi breyting í för með sér skerta getu einstaklings til að auka kyn sitt eða varanlega ófrjósemi skal upplýsa hann um möguleika á varðveislu kynfrumna.

12. gr.

Teymi Landspítala um kynósamræmi og breytingar á kyneinkennum.

Á Landspítala skal starfa teymi sérfræðinga um kynósamræmi og breytingar á kyneinkennum og skal það tilnefnt af forstjóra sjúkrahússins. Í teyminu skulu vera félagsráðgjafi, kynjafræðingur og sérfræðingar á sviði geðlækninga, sálfræði, innkirtlalækninga og skurðlækninga. Teyminu er heimilt að kalla til aðra sérfræðinga sér til ráðgjafar og samstarfs. Um réttindi og skyldur starfsfólks teyma samkvæmt þessari grein og 13. gr. gilda ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Teymið skal veita skjólstæðingum, 18 ára og eldri, upplýsingar, ráðgjöf og meðferð í samræmi við þarfir hvers og eins. Félagsráðgjafi og kynjafræðingur teymisins skulu gangast

fyrir því að skjólstæðingar geti notið jafningjafraeðslu og skulu hafa samstarf við samtök trans fólks vegna þess. Þeir veita jafnframt aðstandendum skjólstæðinga upplýsingar og ráðgjöf.

Teymið setur sér verklagsreglur og skulu þær vera í samræmi við viðurkenndar vinnureglur á alþjóðlegum vettvangi. Haft skal samráð við samtök trans fólks um samningu reglnanna og reglulega uppfærslu þeirra.

Synji teymið einstaklingi um meðferð sem felur í sér breytingu á kyneinkennum hans getur hann skotið málinu til landlæknis. Ákvörðun landlæknis er kæránleg til ráðuneytis heilbrigðismála.

Ráðherra heilbrigðismála getur sett í reglugerð nánari ákvæði um verkefni og þjónustu teymisins.

13. gr.

Teymi barna- og unglिंगageðdeildar um kynósamræmi og ódæmigerð kyneinkenni.

Á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala skal starfa teymi sérfræðinga um kynósamræmi og ódæmigerð kyneinkenni og skal það tilnefnt af forstjóra sjúkrahússins. Í teyminu skulu vera félagsráðgjafi, kynjafraeðingur og sérfræðingar á sviði barnageðlækninga, barnasálfræði og barnainnkirtlalækninga. Teyminu er heimilt að kalla til aðra sérfræðinga sér til ráðgjafar og samstarfs. Teymi barna- og unglिंगageðdeildar skal veita börnum yngri en 18 ára sem upplifa kynósamræmi meðferð í samræmi við þarfir hvers og eins og veita forsjáraðilum þeirra stuðning og ráðgjöf. Jafnframt skal teymið veita börnum sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og forsjáraðilum þeirra stuðning og ráðgjöf. Teymið skal gangast fyrir því að skjólstæðingar þess geti notið jafningjafraeðslu og hafa samstarf við samtök trans fólks og intersex fólks vegna þess.

Teymið setur sér verklagsreglur og skulu þær vera í samræmi við viðurkenndar vinnureglur á alþjóðlegum vettvangi. Haft skal samráð við samtök trans fólks og intersex fólks um samningu reglnanna og reglulega uppfærslu þeirra.

Ráðherra heilbrigðismála getur sett í reglugerð nánari ákvæði um verkefni og þjónustu teymisins.

14. gr.

Þátttaka Sjúkratrygginga Íslands.

Rétt til að nýta sér þjónustu teyma skv. 12. og 13. gr. eiga þeir sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Sjúkratryggingar Íslands greiða kostnað vegna þjónustu teymanna.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Sektir.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum nema þyngri refsing sé áskilin í öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012.

Frestur fyrir aðila sem skrásetja kyn til að laga skráningarform, eyðublöð, skilríki og þess háttar að fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. laganna er sex mánuðir frá gildistöku þessara laga.

18. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum:*
 - a. Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein:
Ákvæði þessa kafla taka einnig til þeirra einstaklinga sem hafa kynhlutlausa skráningu í þjóðskrá, sbr. 6. gr. laga um kynrænt sjálfræði.
2. *Lög um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum:*
 - a. 2. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.
 - b. 2. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.
 - c. Við 3. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einstaklingi sem hefur hlutlausa kynskráningu í þjóðskrá er heimilt að nota föður- eða móðurnafn sem er nafn föður eða móður í eignarfalli án viðbótar eða með viðbótinni -bur.
 - d. Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr.:
 - a. Í stað orðanna „18 ára“ í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. kemur: 15 ára.
 - b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Barn sem er yngra en 15 ára getur með samþykki forsjáraðila sinna eða sérfræðinefndar samkvæmt 9. gr. laga um kynrænt sjálfræði breytt eigin nafni og millinafni sínu samhliða breytingu á skráningu kyns.
 - e. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr.:
 - a. Í stað orðanna „18 ára“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: 15 ára.
 - b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:
Barn yngra en 15 ára getur með samþykki forsjáraðila sinna eða sérfræðinefndar skv. 9. gr. laga um kynrænt sjálfræði óskað eftir breytingu á kenninafni sínu í tengslum við breytingu á skráðu kyni. Breyting samkvæmt þessari málsgrein getur einungis falist í að endingu kenninafns sé breytt til samræmis við kyn barnsins. Ef barnið fær kynhlutlausa skráningu gildir ákvæði 2. másl. 1. mgr. 8. gr.
 - f. Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:
Einstaklingur sem neytir réttar til að breyta skráningu kyns síns í þjóðskrá hefur rétt til að breyta eigin nafni, millinafni og kenninafni. Ákvæði 5. mgr. 13. gr. eiga við um breytingu á eigin nafni og millinafni samkvæmt þessari grein.
3. *Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975 með síðari breytingum:*
 - a. 18. gr. laganna bætist nýr liður, svohljóðandi: III. Ef ófrjósemisaðgerðin er liður í breytingu á kyneinkennum sem einstaklingur óskar eftir að gerð verði, sbr. lög um kynrænt sjálfræði, enda hafi hann verið upplýstur um þessa afleiðingu breytingarinnar og um möguleika á varðveislu kynfrumna.

4. *Lög um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, með síðari breytingum:*
 - a. Á eftir orðunum „aldurs, kynferðis“ í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: kynvitundar.
 - b. Í stað orðsins „kvenfangi“ í 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: fangi.
5. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum:*
 - a. 26. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn, og breyting á skráningu kyns samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði ásamt nafnbreytingu [9.000 kr.].

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal skipa starfshóp til að fjalla um málefni barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal um heilbrigðisþjónustu við þau, og gera tillögur um úrbætur. Einnig skal hópnunum falið að semja frumvarp til laga um breytingar á lögum þessum sem feli í sér að bætt verði við lögum ákvæði sem fjallar um breytingar á kyneinkennum barna. Í hópnunum skulu vera barnaskurðlæknir, barnainnkirtlalæknir, barnasálfræðingur, barnageðlæknir, fulltrúi Intersex Ísland, fulltrúi Samtakanna 78, kynjafræðingur, siðfræðingur og lögfræðingur með sérþekkingu á mannréttindum. Skal hópurinn skila niðurstöðum sínum og tillögum eins fljótt og unnt er.

Ráðherra skal skipa starfshóp til að fjalla um og gera tillögur um breytingar á öðrum lögum sem nauðsynlegar eru til að tryggja réttindi trans og intersex einstaklinga, þar á meðal barnalögum nr. 76/2003 og lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996. Skal hópurinn skila niðurstöðum sínum eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Vinna að gerð þessa frumvarps hófst vorið 2015 að frumkvæði samtakanna Intersex Íslands og Trans Íslands eftir að fulltrúar samtakanna kynntu stöðu málefna intersex og trans fólks fyrir þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Fljótlega varð til óformlegur starfshópur sem þokaði málinu af stað. Hópurinn skipaðu Kitty Anderson, formaður Intersex Ísland, Uglya Stefánía Jónsdóttir, þáverandi varaformaður Trans Ísland og meistaranemi í kynjafræði, og Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG, auk starfsmanns þingflokksins. Þegar í upphafi var gert ráð fyrir því að málið yrði flutt af fulltrúum allra flokka á Alþingi og því fylgdust væntanlegir flutningsmenn með framvindu málsins og áttu þátt í mótun þess. Á haustdögum 2015 fjölgaði á þessum óformlega vettvangi þegar Aagot Vigdís Óskarsdóttir lögfræðingur gekk til liðs við hópurinn auk tveggja ungra fræðimanna, Sigrúnar Ingu Garðarsdóttur og Birkis Helga Stefánssonar, sem fengist hafa við málefni intersex og trans fólks, annars vegar frá sjónarhóli kynjafræði og hins vegar siðfræði. Nokkru síðar bættist í hópurinn Auður Magnús Auðardóttir, félagsfræðingur og framkvæmdastýra Samtakanna '78, en eftir að hún lét af starfi hjá samtökunum tók María Helga Guðmundsdóttir, formaður þeirra, þátt í frumvarpssvinnunni. Fleiri einstaklingar hafa komið að starfi hópsins, þar á meðal Alexander Björn Gunnarsson, stjórnarmaður í Trans Ísland og fleiri. Hópurinn hafði í upphafi samráð við ungliðahreyfingar stjórnmalaflokkanna og þáði á starfstíma sínum góð ráð og ábendingar frá fjölda einstaklinga og stofnana, þar á meðal frá embætti landlæknis,

umboðsmanni barna, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands og sérfræðingum teymis Landspítala um kynáttunarfunda og frá barna- og unglingsgeðdeild spítalans. Nánar er fjallað um samráð við þessa aðila í 6. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Starf hópsins spratt af þörf fyrir breytingar á réttarstöðu trans og intersex fólks. Einstaklingar úr samtökunum Trans Ísland, Intersex Ísland og Samtökunum '78 hafa fylgst með breytingum erlendis á undanförunum árum og talað fyrir nýjum viðhorfum. Ný löggjöf um rétt fólks til að skilgreina kyn sitt sjálft sem sett var á Möltu vorið 2015 vakti mikla athygli og var einn helsti hvati þess að hinn óformlegi hópur myndaðist um það verkefni að koma áþekktum réttarbótum fram til handa Íslendingum.¹ Einnig má nefna breytingar á löggjöf á Norðurlöndunum um þessi efni.

Starf hópsins dróst á langinn, einkum vegna skiptra skoðana innan hópsins um framsetningu þess ákvæðis frumvarpsdraganna sem fjallaði um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Ekki tókst að ná einingu um þetta atriði og voru frumvarpsdrögin því afhent velferðarráðuneyti í desember 2017. Síðsumars árið 2018 var af hálfu ráðuneytisins óskað eftir umsögnum frá tilteknum aðilum um frumvarpið. Við breytingar á skiptingu verkefna innan Stjórnarráðsins um áramót 2018 tók skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneytinu við frumvarpinu. Við vinnslu frumvarpsdraganna í ráðuneytinu, m.a. eftir yfirferð þeirra umsagna sem bárust, var ljóst að skiptar skoðanir væru um hugtakanotkun og skýrleika hugtaka í því ákvæði sem fjallaði um breytingar á kyneinkennum barna. Ljóst þótti að ótímabært væri að fjalla í þessu frumvarpi um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni þar sem ýmis atriði í því sambandi þyrfti frekari skoðunar við. Lagt er því til í bráðabirgðaákvæði frumvarps þessa að ráðherra skipi starfshóp sem hafi það hlutverk að semja frumvarp til laga um breytingar á lögum um kynrænt sjálfræði, verði frumvarp þetta að lögum, þar sem mælt verði fyrir um meginsjónarmið og reglur sem gilda skulu um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal um heilbrigðisþjónustu og að gera tillögur um úrbætur.

Hópurinn lagði til margvíslegar breytingar á öðrum lögum til að tryggja réttindi trans og intersex einstaklinga, einkum varðandi barneignir og foreldrastöðu. Við vinnslu frumvarpsdraganna í ráðuneytinu var það metið sem svo að þær þyrfti að gaumgæfa betur og er því jafnframt lagt til í bráðabirgðaákvæðinu að skipaður verði starfshópur til að fjalla um þær breytingar á öðrum lögum sem nauðsynlegar eru til að tryggja réttindi trans og intersex einstaklinga, þar á meðal barnalögum nr. 76/2003 og lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 og gera tillögur að úrbótum. Skal hópurinn skila niðurstöðum sínum eins fljótt og unnt er.

Vísast til skýringa við bráðabirgðaákvæði frumvarps þessa hvað varðar nánari umfjöllun um þessi atriði.

2. Hugtakaskýringar.

Frumvarpið miðar að því að bæta réttarstöðu trans og intersex fólks og færa hana til nútímahorfs. Kynvitund trans fólks er að einhverju eða öllu leyti á skjön við það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu og kunna trans einstaklingar að þjást af vanlíðan gagnvart eigin

¹ http://justiceservices.gov.mt/DownloadDocument.aspx?app=lom&itemid=12312&l=1_Heiti laganna á ensku er: An act for the recognition and registration of the gender of a person and to regulate the effects of such a change, as well as the recognition and protection of the sex characteristics of a person.

kyneinkennum og kyngervi sem viðkomandi telur vera í andstöðu við persónuleika sinn. Einnig skapar það einatt óþægindi fyrir trans einstakling að vera álitinn tilheyra öðru kyni en raun er á og mæta framkomu í samræmi við það. Þegar gripið er til hinnar hefðbundnu tvískiptingar í karlkyn og kvenkyn til að skýra hlutskipti trans fólks verður trans karl sá einstaklingur sem úthlutað var kvenkyni við fæðingu en er með kynvitund karls og trans kona einstaklingur sem úthlutað var karlkyni við fæðingu en hefur kynvitund konu.

Nokkur hópur fólks er hvorki eindregið karlkyns né kvenkyns (e. non-binary, genderqueer). Nýyrðin frjálsgerva og kynsegin hafa orðið til um þennan hóp.

Intersex fólk hefur fæðst með ódæmigerðu kyneinkenni sem geta birst í litningum, hormónastarfsemi, kynfærum o.fl. Hin ódæmigerðu kyneinkenni geta verið augljós, og greinast þá jafnan þegar við fæðingu, eða hulin sjónum, og koma ekki fram fyrr en síðar á lífsleiðinni. Þessi ódæmigerðu kyneinkenni intersex fólks gera það að verkum að það fellur ekki fyllilega að læknisfræðilegum stöðlum um karlkyn og kvenkyn. Rétt er að taka fram að ekki teljast allir einstaklingar sem fæðast með ódæmigerðu kyneinkenni til intersex hópsins enda getur verið talsverður breytileiki í kyneinkennum fólks sem þó fellur að stöðlum um tvö kyn. Einnig er hér rétt að benda á að ólíkar skilgreiningar er að finna á hugtökunum „intersex“ og „ódæmigerðu kyneinkenni“. Misjafnt er hvernig intersex fólk upplifir kyn sitt og tengsl þess við hina hefðbundnu tvískiptu kynjaskilgreiningu. Sumir eru karlkyns, aðrir kvenkyns og enn aðrir hvorki karlkyns né kvenkyns og eru þá frjálsgerva eða kynsegin. Áréttað skal að þessi tenging við kynjaskilgreiningu tekur ekki til kynhneigðar.

Ljóst má vera að langtum meiri fjölbreytni ríkir varðandi kyn og kynvitund heldur en hin hefðbundna tvískipting í karlkyn og kvenkyn gefur til kynna. Tvískiptingin nær alls ekki yfir öll tilbrigði kyns og kynvitundar, eins og tilvist trans og intersex fólks sýnir, og er þannig ónothæf sem grundvöllur skilnings á þessum mannlegu eiginleikum. Enn fremur er löggjöf sem byggist á hinni hefðbundnu tvískiptingu einni ekki til þess fallin að tryggja friðhelgi, einstaklingsfrelsi og önnur mannréttindi þeirra sem hún nær ekki yfir. Frumvarpið felur í sér viðbrögð við þessu og er með því fylgt eftir þróun sem hefur átt sér stað víða um lönd í þá veru að horfið er frá því að skilgreina trans og intersex fólk sem sjúklinga er þurfi atbeina heilbrigðisstarfsfólks til að ráða fram úr kynvitund sinni og fólki látið eftir að skilgreina kyn sitt sjálft og stýra því hvernig það er skráð opinberlega.

3. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

3.1 Almenn.

Með frumvarpi þessu er komið til móts við ný og breytt viðhorf til opinberrar skráningar kyns og stuðlað að réttarbótum trans og intersex einstaklinga með því að heimila einstaklingum sem eru 15 ára og eldri að skilgreina kyn sitt á eigin forsendum og ráða skráningu þess, enda séu aðrir ekki betur til þess bærir. Börnum sem eru yngri en 15 ára er einnig veitt sú heimild með samþykki forsjáraðila eða ef sérfræðinefnd skv. 9. gr. frumvarpsins fellst á erindi barns að fá að breyta skráningu kyns. Í frumvarpinu er staðfestur réttur einstaklinga til að breyta kynskráningu sinni í samræmi við eigin upplifun og án þess að þurfa að sæta skilyrðum um sjúkdómsgreiningu og lækni meðferð eða uppfylla kröfur um atferlisþjálfun. Miðað er að því að virða og styrkja sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins þar sem eigin skilningur á kynvitund er lagður til grundvallar ákvarðanatöku varðandi opinbera skráningu. Sjónarmið um líkamlega friðhelgi ráða svo ferðinni þegar kemur að ákvörðunum um að aðlaga kyneinkenni kynvitund einstaklingsins og mynda þá heild sem hann telur að sér sé fyrir bestu.

Í frumvarpinu er jafnframt fjallað um heilbrigðisþjónustu við einstaklinga með kynósamræmi.

3.2 Breytt viðhorf til trans og intersex fólks og til opinberrar kynskráningar.

Málefni trans og intersex fólks, fólks með ódæmigerð kyneinkenni og annarra borgara sem falla ekki ótvírætt undir hina hefðbundnu tvískiptingu í kven- og karlkyn hafa verið talsvert í brennidepli undanfarið hér á landi eins og víða annars staðar í heiminum. Hefur þróunin verið hröð, einkum hin allra síðustu ár, og einkennst af sókn þessara hópa til viðurkenningar á tilveru sinni og kröfu um aukin mannréttindi og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málum.

Enda þótt ýmislegt hafi áunnist varðandi réttindi trans og intersex fólks að undanfögnu er óhjákvæmilegt að viðurkenna að sums staðar er þeim verulega ábótavant og enn verður víða vart ranghugmynda og vanþekkingar um þessa hópa og málefni þeirra. Ýmis ríki og yfirþjóðlegar stofnanir á borð við Evrópusambandið hafa þó skuldbundið sig til að móta og framfylgja stefnu sem miðar að aukinni fræðslu um málefni trans og intersex fólks, tryggir réttindi þess og vinnur gegn mismunun.² Á vettvangi Evrópuráðsins hefur mikið starf verið unnið sem miðar að því að vekja athygli á bágrri stöðu trans og intersex fólks og finna leiðir til að bæta hana. Hafa stofnanir ráðsins gefið út skýrslur, ályktanir og tilmæli í þessu skyni.

3.2.1 Evrópuráðið um málefni trans einstaklinga.

Að því er varðar málefni trans fólks má t.d. nefna tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 2010 (CM/Rec(2010)5) um aðgerðir til að vinna gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar og ályktun þings Evrópuráðsins frá sama ári um sama efni (Resolution 1728(2010)). Til viðbótar má minnst á skýrslu mannréttindafulltrúa ráðsins frá 2009 um mannréttindi og kynvitund.³

Þing Evrópuráðsins sendi á ný frá sér ályktun 22. apríl 2015 um mismunun gagnvart trans fólki í Evrópu. Þar er annars vegar fjallað um mismunun gagnvart trans fólki í Evrópu, en eins og fram kemur er hún almenn og tekur á sig margvíslegt form. Bent er á að trans fólk sæti viðtækri mismunun, m.a. með tilliti til atvinnu, húsnæðis og heilbrigðisþjónustu, og verði gjarnan fyrir hatursfullri orðræðu og líkamlegu ofbeldi. Hins vegar fjallar ályktunin um brot gegn grundvallarréttindum trans fólks, þ.e. friðhelgi einkalífs og rétti til líkamlegrar friðhelgi, þegar það sækist eftir lagalegri viðurkenningu á kyni sínu. Bent er á að í aðildarríkjunum feli viðurkenningarferlið oft í sér kröfu um ófrjósemisaðgerð, hjónaskilnað, að viðkomandi séu greindir með geðsjúkdóm, auk þess sem skurðaðgerðir og aðrar læknisfræðilegar meðferðir séu oft skilyrði fyrir viðurkenningu. Auk þess geri íþyngjandi málsmeðferð og viðbótarskilyrði svo sem reynslutímabil (e. life experience) í nýju kynhlutverki, viðurkenningarferlið almennt erfitt. Þá segir jafnframt að það að litið sé á stöðu trans fólks sem sjúkdóm samkvæmt alþjóðlegum greiningarviðmiðum sé vanvirðandi og hindri enn frekar félagslega viðurkenningu þeirra.

Í ályktuninni er bent á að allnokkur aðildarríki hafi nýlega endurskoðað löggjöf sína um

² Lunacek, Ulrike: Report on the EU Roadmap against homophobia and discrimination on grounds of sexual orientation and gender identity (2013/2183(INI)). Committee on Civil Liberties, Justice and Home Affairs. Plenary sitting A7 0009/2014, 7. janúar 2014.

³ Human rights and gender identity. Issue paper published by the Council of Europe Commissioner for Human Rights. Council of Europe, 2009, bls. 13–14.

lagalega viðurkenningu kyns eða séu að vinna að slíkri endurskoðun. Þingið tekur sérstaklega fram að það fagni því að fram sé að koma viðurkenning á rétti einstaklinga til að lifa í samræmi við eigin kynvitund (e. right to gender identity) og vísar í því sambandi til nýrra laga Möltu.

Þing Evrópuráðsins setur í ályktun sinni fram tilmæli til aðildarríkjanna sem varða þá þætti sem ályktunin fjallar um. Að því er varðar lagalega viðurkenningu kyns fela tilmælin m.a. í sér að aðildarríkin:

1. þrói skilvirkt, gagnsætt og aðgengilegt ferli sem byggi á sjálfsákvörðunarrétti og geri trans fólki kleift að breyta nafni og skráðu kyni á fæðingarvottorðum, persónuskilríkjum, vegabréfum, skólaskírteinum og öðrum slíkum skjölum. Jafnframt að þetta ferli verði aðgengilegt öllum þeim sem óska óháð aldri, sjúkdómsgreiningu, fjárhag o.fl.,
2. afnemi kröfu um ófrjósemisaðgerð eða aðra skyldubundna læknismeðferð, þar á meðal greiningu geðsjúkdóms, sem nauðsynlegt skilyrði fyrir viðurkenningu kyns einstaklinga í lögum sem fjalla um nafnbreytingu og skráningu kyns,
3. íhugi að gefa kost á þriðja kyni í persónuskilríkjum fyrir þá sem þess óska.

Framangreind atriði endurspegla skýrt þá stefnu að skilja beri á milli lagalegrar viðurkenningar kyns annars vegar, þ.e. skráningar kyns í samræmi við kynvitund einstaklinga í opinberar skrár og nafnbreytingar, og læknisfræðilegra meðferða hins vegar, sem trans fólk kann eða kann ekki að óska eftir að undirgangast.

3.2.2 Jogjakarta meginreglurnar.

Almenn mannréttindi, eins og þau eru skráð og skilgreind í lögum, fræðiritum og alþjóðasamþykktum, eru talin sjálfsögð í flestum nútímasamfélögum og einstaklingarnir njóta réttarverndar á grundvelli þeirra. Vernd mannréttinda og virðing fyrir þeim hefur verið meðal helstu drifkrafta jákvæðra breytinga á málefnum intersex og trans fólks og ýmsar samþykktir hafa verið gerðar í þessa veru sem treysta rétt þeirra og vinna gegn mismunun í þeirra garð. Þeirra á meðal eru áður nefnd gögn frá stofnunum Evrópuráðsins og einnig má nefna svonefndar Jogjakarta-meginreglur frá árinu 2007 sem kenndar eru við borgina Jogjakarta á eyjunni Jövu í Indónesíu. Hópur sérfræðinga á sviði alþjóðamannréttinda samdi Jogjakarta-meginreglurnar og enda þótt þær hafi ekki stöðu þjóðréttarsamnings eða yfirlýsingar hafa ýmsar stofnanir, svo sem Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið, vísað til þeirra og ríkisstjórnir víða um heim haft þær til leiðsagnar við mótun stefnu í málefnum hinsegin fólks.⁴ Meginreglurnar voru uppfærðar með viðbótarreglum árið 2017, Jogjakarta meginreglunum plús 10, en þær útfæra nánar skyldur ríkja til að tryggja réttindi trans og intersex fólks.

Jogjakarta-meginreglurnar fjalla um beitingu alþjóðlegra mannréttindaákvæða með tilliti til kynhneigðar og kynvitundar þar sem m.a. er mælt fyrir um að ekki skuli gera líkamleg inngríp á borð við skurðaðgerðir, ófrjósemisaðgerðir eða hormónameðferð að forsendu fyrir breyttri kynskráningu. Þannig veita Jogjakarta-meginreglurnar mikilvægar leiðbeiningar um jafnræði og virðingu fyrir líkamlegri friðhelgi sem ættu að móta afstöðu stjórnvalda og almennings til kynskráningarbreytinga og áhrifa sem af þeim leiða og munu vissulega hafa haft áhrif í þá átt á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra.

Enda þótt framangreind gögn séu ekki bindandi að þjóðarétti eru þau mikilvæg tæki til að styrkja rétt trans og intersex einstaklinga og annarra sem með einhverjum hætti greina sig frá hinni hefðbundnu kynflokkun eða hafa ástæðu og þörf fyrir að breyta kynskráningu sinni. Við

⁴ Human rights and gender identity. Issue paper, bls. 13–14.

samningu frumvarpsins var m.a. litið til þessara gagna.

3.2.3 Breytingar á viðmiðum í greiningarkerfum sjúkdóma.

Tvö greiningarkerfi sjúkdóma eru mikilvæg fyrir greiningu á kynósamræmi á Íslandi, International Classification of Diseases (ICD) og Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM). ICD, flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), er notað víðast hvar í Evrópu, þar á meðal á Íslandi, sem opinbert greiningarkerfi heilbrigðisgeirans og almennt flokkunarkerfi kvilla og meina. Í nýrri útgáfu ICD sem gefin var út í júní 2018, ICD 11, voru gerðar mikilvægar breytingar á flokkun og greiningarviðmiðum kynósamræmis. Heiti ástandsins var breytt úr kynáttunarvanda (e. gender identity disorder) í kynósamræmi (e. gender incongruance) og greiningin flutt úr kaflanum um geðsjúkdóma og í kafla um kynheilsu (e. conditions related to sexual health). Breytingarnar eru í samræmi við ábendingar ýmissa aðila og samtaka til WHO um að óforsvaranlegt væri að ganga út frá því að trans fólk væri haldið geðsjúkdómi. Greint er á milli kynósamræmis hjá unglingum og fullorðnum annars vegar og kynósamræmis hjá börnum. Kynósamræmi hjá unglingum og fullorðnum er lýst svo í ICD 11 að það einkennist af verulegu og viðvarandi ósamræmi milli kynvitundar einstaklings og þess kyns sem honum var úthlutað við fæðingu sem oft leiði til löngunar til að „leiðrétta“ kynið svo hann geti lifað sem manneskja af því kyni sem samræmist kynvitundinni og verið viðurkennd sem slík. Þá segir að breytileg kyntjáning geti ekki ein og sér verið grundvöllur greiningar kynósamræmis. Það á einnig við um börn og jafnframt er áskilið að upplifun barnsins af kynósamræmi hafi verið viðvarandi í um tvö ár.

Rætt var um það, bæði í vinnuhópnum sem annast útgáfu ICD 11 og meðal fagfólks, hvort taka eigi greiningu á kynáttunarvanda hjá börnum út úr flokkunarkerfinu. Meðal annars var bent á að WHO ætti að senda skýr skilaboð um að það sé hvorki óeðlilegt né hættulegt að börn þreifi fyrir sér hvað varðar kyntjáningu. Á hinn bóginn er bent á að rétt sé að halda greiningunni inni því mikilvægt sé að tryggja aðgang að ráðgjöf og stuðningi innan heilbrigðiskerfisins, bæði fyrir börnin sjálf og aðstandendur þeirra.⁵ Um þetta eru því skiptar skoðanir.

Þrátt fyrir að ICD sé hið opinbera greiningarkerfi heilbrigðisgeirans er DSM-kerfið einnig haft til hliðsjónar við greiningar á geðsjúkdómum á Íslandi. DSM er bandarískt flokkunarkerfi geðsjúkdóma, gefið út af bandarísku geðlæknasamtökunum (American Psychiatric Association, Diagnostic and statistical manual of mental disorders 2013), og felur í sér mun ítarlegri umfjöllun um geðsjúkdóma í samanburði við ICD, enda fjallar kerfið eingöngu um þennan flokk. Í nýjustu útgáfu DSM, sem birt var í maí 2013, var gerð sú breyting að heitinu kynáttunarvandi (e. gender identity disorder) sem notað hafði verið í fyrri útgáfu var breytt í kynama (e. gender dysphoria). Þetta var táknið um breytta nálgun, þar sem meðvitað var lögð áhersla á að það að falla ekki að staðalmyndum samfélagsins varðandi kyn og kyngervi sé ekki sjúkdómur í sjálfu sér.⁶ Í útgáfunni frá árinu 2013 er sjónum beint í auknum mæli að þeirri vanlíðan sem fylgt getur því að upplifa ósamræmi milli kyneinkenna sinna og kynvitundar og því að þurfa að takast á við viðbrögð samfélagsins við ósamræminu. Með þessari áherslu er

⁵ Sjá um þetta norsku skýrsluna *Rettil rett kjönn – helse til alle kjönn*. Utredning av vilkår for endring av juridisk kjönn og organisering av helsetjenester for personer som opplever kjønnsinkongruens og kjønnsdysfori. Helsedirektoratet, Oslo 2015, bls. 13.

⁶ American Psychiatric Association. Gender Dysphoria Fact Sheet. American Psychiatric Publishing (2013): [www.psychiatry.org/File Library/Psychiatrists/Practice/DSM/APA_DSM-5-Gender-Dysphoria.pdf](http://www.psychiatry.org/File%20Library/Psychiatrists/Practice/DSM/APA_DSM-5-Gender-Dysphoria.pdf)

ítrekað að greiningu á kynama er ætlað að greina hversu mikil vanlíðan einstaklingsins er en ekki það hvernig hann upplifir og skilgreinir kyn sitt.

Til viðbótar við nýtt greiningarheiti var kynama jafnframt úthlutað eigin flokki í nýjustu útgáfu DSM. Kynáttunarvandi hafði áður verið í flokki með kynlífsröskunum og þótti sú flokkun ekki lengur viðunandi né að neinu leyti í samræmi við nýjar áherslur og aukna þekkingu á upplifunum trans fólks. Að auki taka nýju greiningarviðmiðin nú mið af veruleika frjálsgera einstaklinga og hverfa að vissu marki frá hinni ströngu tvískiptingu í karl- og kvenkyn með því að vísa ekki einungis í „hitt kynið“ heldur einnig til „einhvers annars kyngervis“.

Talsvert hefur verið rætt um það hvort réttast væri að fjarlægja kynósamræmi eða kynama að fullu úr greiningarkerfum fyrir sjúkdóma og undirstrika þannig að trans einstaklingar séu ekki haldnir sjúkdómi. Niðurstaðan hefur þó verið að halda greiningu inni í flokkunarkerfunum einkum til að tryggja aðgengi trans fólks að heilbrigðisþjónustu, m.a. í tengslum við kynleiðréttingu.

3.2.4 Heilbrigðisþjónusta við trans fólk og kynsegin fólk.

3.2.4.1 Meðferð fullorðinna.

Hér á landi er það teymi Landspítalans um kynáttunarvanda sem sér um greiningu og meðferð fullorðinna einstaklinga, en teymið var formlega stofnað árið 2012 í lögum um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012. Starfshópur lækna um þessi málefni hafði þó starfað frá 1996, en áður hafði fólk þurft að sækja þjónustu til nágrennalanda.

Í teyminu sitja samkvæmt lögum nr. 57/2012, „sérfræðingar á sviði geðlækninga, innkirtlalækninga og sálfræði“, en teymið hefur einnig heimild til að kalla aðra sérfræðinga sér til ráðgjafar og samstarfs. Hefur þessi heimild verið nýtt og hafa iðjupjálfar, talmeinafræðingur, kvensjúkdómalæknar, félagsráðgjafar og fleiri sérfræðingar liðsinnt skjólstæðingum teymisins.

Samkvæmt upplýsingum frá teyminu voru skjólstæðingar þess og starfshópsins sem áður starfaði orðnir 209 í árslok 2017. Þar af eru 119 trans konur og 90 transmenn. Mikil fjölgun hefur orðið á allra síðustu árum, sem dæmi leituðu tæplega 50 nýir einstaklingar til teymisins árið 2017. Transmönnum hefur fjölgað, einkum í yngstu aldurshópunum en það er sama þróun og í öðrum löndum. Um 10% skjólstæðinga hafa hætt við meðferð af ýmsum ástæðum en ekki er vitað til að einstaklingar hafi viljað snúa til baka eftir að aðgerð hefur verið framkvæmd. Við þjónustu sína hefur teymið fylgt leiðbeiningum WPATH (The World Professional Association for Transgender Health) en einnig haft leiðbeiningar til sænskra lækna til hliðsjónar.

Viðurkenndar meðferðir við kynósamræmi bæði samkvæmt verklagsreglum WPATH og sænsku leiðbeiningunum fela í sér að einstaklingur hafi aðgang að sérfræðingum og þá helst fjölfaglegu teymi sem hefur á að skipa sálfræðingi, geðlækni, félagsráðgjafa og sérfræðingi í innkirtlalækningum. Einnig skal einstaklingur eiga kost á aðstoð iðjupjálfa, raddpjálfa, talmeinafræðings, húðlæknis, kvensjúkdómalæknis, kynfræðings (e. sexologist) og fleiri sérfræðinga eftir þörfum.

Samkvæmt sænsku verklagsreglunum er það nauðsynleg forsenda þess að meðferð við kynósamræmi sé góð að skjólstæðingar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf, þar á meðal félagslegri ráðgjöf og stuðningi, ásamt sálfræðimeðferð. Markmiðið með þessu er að hjálpa einstaklingnum að taka upplýsta og farsæla ákvörðun um framhald meðferðar.

WPATH eru alþjóðleg þverfagleg samtök fagfólks með það meginmarkmið að efla og bæta

heilsu og umönnun trans fólks. Samtökin voru stofnuð 1979 og telja meðlimir þess nú um 600 lækna, sálfræðinga, félagsvísindafólk og lögfræðinga. WPATH eru fremstu samtök hins vestræna heims í upplýsingagjöf um umönnun og meðferð trans einstaklinga með reglulegri útgáfu á verklagsreglum sínum. Nýjasta útgáfan, sú sjöunda, kom út 2012 (Standards of Care for the Health of Transsexual, Transgender, and Gender Nonconforming People). Verklagsreglur WPATH eru alþjóðleg viðmið fyrir verklagsreglur heilbrigðisstarfsfólks sem sinnir trans fólki og kynsegin fólki. Reglurnar byggja á nýjustu og bestu þekkingu sem fyrir hendi er á hverjum tíma og eru reglulega uppfærðar í samræmi við það.

Á milli útgáfa hafa verið gerðar ýmsar breytingar á verklagsreglunum og í formála 7. útgáfu reglnanna kemur fram að útgáfan markar verulegt frávik frá fyrri útgáfum. Breytingarnar sem hún felur í sér eru tilkomnar vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu, framfara í klínískri þekkingu og nýs mats á lausnum á ýmsum vandamálum sem við koma heilsu trans fólks.

Í þessu sambandi má m.a. nefna að forkröfur fyrir hormónameðferðir og skurðaðgerðir hafa breyst eftir að rannsóknir leiddu í ljós að ótti lækna um að fólk anaði út í breytingar á röngum forsendum væri ekki á rökum reistur og að ánægja fólks með útkomu meðferðar væri almennt mjög mikil og tíðni eftirsjár hverfandi. Þetta leiddi til efasemda um nytsemi þess að krefjast þess af fólki að það breytti kyntjáningu sinni og hlutverki á öllum sviðum lífs síns í langan tíma áður en því væri heimilað að hefja hormónameðferð. Þetta hefur verið kallað reynslutímabil. Sömuleiðis er nú lögð ríkari áhersla á félagslega ráðgjöf og aðstoð ásamt sálfræðimeðferð einstaklinga sem kljást við vanlíðan vegna kynósamræmis.

Svipaða þróun má sjá í verklagsreglum teymis Landspítalans, en sumarið 2015 kom umsjónarmaður ungmennadeildar stærsta teymis sem fæst við kynósamræmi í Amsterdam, Thomas D. Steensma, í heimsókn til Íslands og kynnti hollenska ferlið. Það byggist að mestu leyti á verklagsreglum WPATH með nokkrum frávikum. Íslenska teymið hefur frá því sumarið 2015 tileinkað sér hollensku leiðina sem felur í sér mikla framför í meðferð trans fólks, sérstaklega þegar kemur að meðferð trans ungmenna enda standa Hollendingar þar einna fremst. Þetta felur í sér að meðferð trans fólks á Íslandi samræmist ekki lengur fyrirætlum laga nr. 57/2012 og er því brýnt að breyta löggjöfinni að þessu leyti.

Þó svo að stór hluti verklagsreglna WPATH séu klínískar leiðbeiningar þá snerta þær fleiri fleti en hinn læknisfræðilega. Meðal annars er sérstaklega bent á að heilsa trans fólks sé oft nátengd aðbúnaðinum sem samfélagið sem það lifir í veitir því og réttindunum sem það nýtur. Það sé því mikilvægt að samfélagið og löggjöfin geri ráð fyrir tilvist trans fólks og tryggi réttindi þess.⁷

Þær meðferðir sem WPATH mælir með eru margar og er gert ráð fyrir því að hver og einn einstaklingur skuli hafa aðgang að þeirri aðstoð sem viðkomandi telur sig hafa þörf fyrir. Á meðal meðferða eru taldar upp:

1. Stuðningur við breytingar á kyntjáningu og kynhlutverki (sem getur falið í sér að lifa að hluta til eða í heild í öðru kynhlutverki, í samræmi við kynvitund einstaklingsins).
2. Hormónameðferð sem gerir líkamann kvenlegri eða karlegri.
3. Skurðaðgerðir á fyrsta eða annars stigs kyneinkennum (t.d. á brjóstum/bringu, kynfærum, andliti og á fituvef eða húð líkamans).

⁷ WPATH, Standards of Care, 7. útgáfa, bls. 1–2.

4. Sálfræðimeðferð (einstaklings, para, fjölskyldu eða hóps) með m.a. þau markmið að skoða kynvitund, -hlutverk og -tjáningu; takast á við áhrif kynósamræmis og fordóma á andlega heilsu; minnka innbyggða fordóma; auka félagslegan stuðning; bæta líkamsímynd/sjálfsvirðingu; og auka viðnámsþrótt (e. resilience).

Auk þess eru nefnd ýmis félagsleg úrræði utan sálfræði- og læknisfræðilegrar meðferðar sem geta dregið úr kynósamræmi, svo sem:

1. Félagslegir stuðningshópar, aðilar og ráðgjafar, sem geta veitt stuðning bæði á netinu og með samtölum.
2. Stuðningur fyrir fjölskyldu og vini, bæði á netinu og með samtölum.
3. Tal- og raddbeitingarþjálfun.
4. Háreyðingarmeðferð.
5. Búnaður sem annaðhvort felur eða mótar líkamshluta, sbr. púða, „binder“ o.fl.
6. Breytingar á nafni og kynskráningu á skilríkjum og í opinberum skrám.⁸

Hér er ekki gert ráð fyrir fyrirfram ákveðnu línulegu ferli heldur að hvert og eitt þessara atriða skuli vera í boði.

3.2.4.2 Meðferð ungmenna.

Ungmönnum sem leita læknisþjónustu vegna kynósamræmis hefur fjölgað undanfarin ár svo um munar og hefur fjölgunin orðið mest í hópi trans stráka. Fjölgað hefur þó í öllum öðrum hópum líka – og hægt er að segja að eftir sprengju seinustu ára séu allar eldri tölur um tíðni kynósamræmis og fjölda trans fólks fallnar úr gildi. Samkvæmt upplýsingum frá WPATH er talið að fjöldi einstaklinga sem leita aðstoðar lækna vegna kynósamræmis tvöfaldist á um það bil hverjum fimm til sex árum í Bretlandi. Í Kanada hefur fjöldi ungmenna sem leita aðstoðar fjór- eða fimmfaldast frá 1988 til 2008. Þessi aukning er talin vera varlega áætluð og er fjölgunin að öllum líkindum meiri.⁹ Svipuð fjölgun hefur einnig orðið hér á landi. Þetta má að mörgu leyti rekja til samfélagslegra breytinga. Dregið hefur úr fordómum, skilningur aukist, læknisþjónusta batnað – og fyrir vikið koma fleiri tilvik upp sem hefðu í öðrum aðstæðum verið falin.

Börn geta upplifað kynósamræmi frá ungum aldri. Kynvitund barna er þó ekki í föstum skorðum og virðast flest börn með kynósamræmi losna við það fyrir kynþroskaskeiðið eða snemma á því. Hjá sumum börnum eykst það þó umtalsvert við táningsaldur þegar líkami þeirra þroskast.¹⁰

Samkvæmt hollenska módelinu felst farsælasta meðferð barna með kynósamræmi fyrst og fremst í viðtalsmeðferð og upplýsingagjöf til barnsins og foreldra þess. Barn sem upplifir enn kynósamræmi eftir fyrstu stig kynþroskans (á Tanner stigi 2, eða um 12 ára aldur) getur þá hafið hormónameðferð sem stöðvar kynþroska tímabundið séu engar sérstakar ástæður sem standa í vegi fyrir því. Slíkir hormónablokkar eru ekki taldir hafa óafturkræf áhrif og hefst kynþroski á ný ef meðferðinni er hætt. Meðferðin gefur barninu tíma til að þroska kynvitund sína og tíma til að geta tekið upplýsta ákvörðun um hormónameðferð og aðrar breytingar síðar meir. Þessi meðferð hefur gefið mjög góða raun og aukið lífsgæði trans einstaklinga til muna.

Kynósamræmi barna fylgir mjög oft mikill kvíði eða þunglyndi og er mikilvægt fyrir velferð barnsins að því sé veitt nauðsynleg aðstoð. Þar hefur óformlegt teymi á BUGL sinnt

⁸ WPATH, Standards of Care, 7. útgáfa, bls. 9–10.

⁹ WPATH, Standards of Care, 7. útgáfa, bls. 7.

¹⁰ WPATH, Standards of Care, 7. útgáfa, bls. 12–13.

lykilhlutverki og er markmið þessa lagafrumvarps m.a. að lögfesta og tryggja skipun þess teymis.

4. Meginefni frumvarpsins.

4.1 Almenn.

Árið 2012 tóku gildi lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012, sem gerðu grein fyrir réttarstöðu trans fólks að hluta til, einkum með tilliti til stjórnýslu varðandi breytingu á skráningu kyns og breytingu nafns. Lögin fjalla um einstaklinga með kynáttunarvanda (e. gender identity disorder) í þeirri merkingu að einstaklingur „sem upplifað hefur frá unga aldri að hann telji sig hafa fæðst í röngu kyni og óskar að tilheyra hinu kyninu“. Lögin ganga út frá þeirri forsendu að „transsexúalism“ sé skilgreindur sem geðsjúkdómur í samræmi við greiningarkerfi sem stuðst hefur verið við en hafa verið gerðar breytingar á þessu í nýrri útgáfu ICD. Forsenda og hugtakanotkun laga nr. 57/2012 var því að ýmsu leyti óheppileg þar sem hún felur í sér þarflausu sjúkdóms- og vandamálavæðingu auk þess sem lagt er upp með að kynin geti einungis verið tvö, en það er sannarlega fjarri lagi, og var bent á hvort tveggja í ítarlegri umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið, dags. 25. maí 2012. Frumvarp það sem um ræðir grundvallast á ólíkri sýn hvað þetta varðar og tekur mið af breyttum hugmyndum um kyn, kynvitund og kyngervi sem og um stöðu trans og intersex fólks í samfélaginu.

Samkvæmt lögum nr. 57/2012 er viðurkenning á kynvitund trans einstaklinga háð samþykki sérfræðinefndar og eru skilyrði fyrir henni tilgreind í lögnum. Þau eru að einstaklingurinn hafi hlotið sjúkdómsgreiningu og viðurkennda meðferð hjá teymi Landspítala um kynáttunarvanda. Nánar tiltekið þarf einstaklingurinn að hafa verið undir eftirliti teymisins í að minnsta kosti 18 mánuði, þar af í „gagnstæðu kynhlutverki“ í að minnsta kosti eitt ár, þ.e. á reynslutíma. Skilyrðið um reynslutíma hefur sætt gagnrýni enda setur það trans fólk í afar erfiða stöðu að því leyti að á meðan hefur það ekki nafn eða skilríki sem samsvara útliti þess og kyntjáníngu. Þetta leiðir til þess að einstaklingar á reynslutíma þurfa sifellt að útskýra stöðu sína og um leið opinbera viðkvæm einkamálefni gagnvart hinum ýmsu aðilum. Það er afar óheppilegt að með lögum séu einstaklingar á viðkvæmum stað í lífi sínu skikkaðir í slíka stöðu og má draga í efa að það samrýmist grunnsjónarmiðum að baki 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um friðhelgi einkalífs. WPATH hefur horfið frá því að áskilja langan reynslutíma áður en einstaklingur getur hafið hormónameðferð og fólst sú breyting raunar í 7. útgáfu verklagsreglna samtakanna frá árinu 2012. Í kaflanum kemur einnig fram að teymi Landspítala gangi ekki lengur eftir þessu skilyrði og því sé brýnt að breyta löggjöfinni svo hún samrýmist því sem nú er talin besta meðferð.

Þróun í málefnum trans fólks hefur verið hröð á síðustu árum og má í raun segja þrátt fyrir að lög nr. 57/2012 fælu í sér réttarbætur fyrir trans fólk hafi þau verið úrelt þegar við gildistöku og því tímabært að taka þau til gagnerrar endurskoðunar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að skilið verði á milli lagalegrar skráningar opinbers kyns annars vegar og hins vegar þeirrar heilbrigðisþjónustu sem trans fólk þarf að hafa aðgang að. Þetta hefur í för með sér að skilyrði gildandi laga fyrir lagalegri kynleiðréttingu sem lúta að sjúkdómsgreiningu og lækni meðferð eru felld brott. Um leið breytist hlutverk teymis Landspítala að nokkru leyti og sérfræðinefnd um kynáttunarvanda verður lögð niður. Frumvarpið gengur jafnframt út frá því að trans fólk eigi greiðan aðgang að þeirri heilbrigðisþjónustu sem það þarf á að halda.

4.2 Breytingar sem lagðar eru til á öðrum lögum.

Lagðar eru til breytingar á nokkrum lögum sem tengjast efni frumvarpsins. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að bætt verði málsgrein við ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 til að tryggja rétt einstaklinga sem hafa kynhlutlausa skráningu í Þjóðskrá. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á mannanafnalögum til að samræma þau ákvæðum frumvarpsins. Í þriðja lagi er mælt fyrir um breytingu á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975. Hún felur í sér að ákvæði verði bætt við þann kafla laganna sem fjallar um ófrjósemisaðgerðir. Ákvæðið felur í sér heimild til að gera ófrjósemisaðgerð sem lið í breytingu á kyneinkennum sem einstaklingur óskar eftir að gerð verði. Í fjórða lagi er lögð til breyting á ákvæði laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 sem fjallar um ákvörðun vistunarstaðar til afplánunar fangelsisdóms. Breytingin felur í sér að kynvitund einstaklings verði eitt að þeim sjónarmiðum sem líta skal til þegar ákvörðun er tekin. Að lokum eru lagðar til breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 til að heimila Þjóðskrá Íslands að taka gjald fyrir breytingu á skráningu kyns.

4.3 Nýlegar breytingar erlendis á lögum sem varða rétt einstaklinga til að skilgreina sjálfir kyn sitt.

Þótt stöðu intersex og trans fólks sé víða mjög ábótavant, þar á meðal í Evrópulöndum, sem m.a. birtist í því að enn eru dæmi um að ófrjósemisaðgerðir séu gerðar að skilyrði fyrir breyttri skráningu kyns; skurðaðgerðir eru gerðar á börnum til að laga kyneinkenni þeirra að staðalmyndum og intersex og trans einstaklingar verða ósjaldan fyrir mismunun og mannréttindabrotum, hefur þróunin þó verið þeim hagfelld í ýmsum löndum undanfarið. Þetta hefur ekki síst birst í lagasetningu sem tryggir sjálfsákvörðunarrétt trans og intersex fólks og treystir stöðu þess.

4.3.1 Löggjöf í Möltu.

Eins og áður kom fram voru í apríl 2015 samþykkt á Möltu lög um rétt fólks til að breyta kynskráningu sinni og njóta í hvívetna fullrar viðurkenningar á kynvitund og kyneinkennum sínum. Sjálfsákvörðunarréttur einstaklinganna er lagður til grundvallar ákvörðun um breytingu á kynskráningu og réttindi þeirra sem gera slíka breytingu á sínum högum tryggð. Munu þessi lög vera hin fyrstu í Evrópu þar sem ótvírætt er lagt bann við mismunun á grundvelli kyneinkenna (e. sex characteristics) og opinberir aðilar skyldaðir til að stuðla að jafnrétti allra, óháð kyneinkennum.

Hin nýja löggjöf á Möltu hefur vakið athygli fyrir réttarbæturnar sem í henni felast. Hér að framan var minnst á ályktun Evrópuráðsins frá 2015 þar sem lagasetningu Möltu var fagnað og ýmis samtök trans fólks og intersex fólks hafa lýst yfir velþóknun sinni á frumkvæði Maltverja.

Víðar en á Möltu hefur á allra síðustu tímum orðið jákvæð þróun með tilliti til lagasetningar um viðurkenningu á kyni samkvæmt eigin skilgreiningu. Slík lög voru t.d. samþykkt á írsku löggjafarþinginu, Oireachtas Éireann,¹¹ sumarið 2015 og í Portúgal árið 2018. Einnig hafa slík lög verið sett í Úrúgvæ.

¹¹ Gender Recognition Act number 25 of 2015.

4.3.2 Lögjöf á hinum Norðurlöndunum.

Á Norðurlöndum hefur einnig verið unnið að lagabreytingum sem styrkja og bæta réttarstöðu trans fólks og efla sjálfsákvörðunarrétt varðandi skilgreiningu kyns og opinbera skráningu þess.

Í Svíþjóð var árið 2013 gerð sú breyting á lögum að krafa um ófrjósemisaðgerð sem forsenda breytinga á skráðu kyni var felld niður. Einstaklingur sem búsettur er í Svíþjóð getur nú óskað eftir breytingu á kynskráningu og nafni, ef viðkomandi hefur lengi upplifað að hann tilheyrir „hinu kyninu“, hefur lifað í einhvern tíma í samræmi við þessa kynvitund og ætla má að hann geri það áfram og er orðinn 18 ára.¹² Árið 2014 kom út skýrsla starfshóps sérfræðinga sem ríkisstjórnin fól að fara yfir gildandi lög og gera tillögur um breytingar, einkum hvað varðaði aldurstakmarkanir.¹³ Í skýrslunni er lagt til að aldursmark vegna umsókna um breytta kynskráningu verði 15 ár, að börn á aldrinum 12 til 15 ára geti sótt um kynskráningarbreytingu með fulltingi forsvaraðila og að heimilt verði að breyta kynskráningu barna undir 12 ára aldri sem eru með ódæmigerð keyneinkenni ef fyrir liggur yfirlýsing læknis um að breytingin sé í samræmi við þróun kynvitundar barnsins og vilja þess. Í undirbúningi eru lagafrumvörp byggð á tillögum nefndarinnar og er gert ráð fyrir að þau taki gildi síðar á árinu 2019.

Í Danmörku var lögum breytt árið 2014 á þann veg að danskir borgarar geta nú breytt opinberri skráningu á kyni sínu í krafti eigin yfirlýsingar. Var þessum breytingum komið í kring með tveimur lagafrumvörpum sem tóku gildi haustið 2014. Er þar annars vegar um að ræða lög nr. 752 frá 25. júní 2014, Lov om ændring af lov om Det Centrale Personregister (Tildeling af nyt personnummer til personer, der oplever sig som tilhørende det andet køn) og hins vegar lög nr. 744 frá 25. júní 2014, Lov om ændring af sundhedsloven og lov om assisteret reproduktion i forbindelse med behandling, diagnostik og forskning m.v. (Kriterier for kastration og justeringer som følge af indførelse af juridisk kønsskifte m.v.).

Í janúar 2013 skipuðu dönsk stjórnvöld starfshóp sérfræðinga úr sex ráðuneytum til að fjalla um meðferðarúræði fyrir trans fólk, gildandi rétt í málaflokki, reynslu annarra þjóða og mismunandi leiðir að kynleiðréttingu. Staðan var þannig í Danmörku að gerð var krafa um ófrjósemisaðgerð – þ.e. að kinkirtlar yrðu fjarlægðir með skurðaðgerð – áður en kynbreyting hlýti lögformlega viðurkenningu.¹⁴ Þessi staða þótti orðin óviðunandi í ljósi breyttra viðhorfa til trans fólks og aukins skilnings á því að afstaða þess snerist alls ekki einvörðungu um kinkirtlana og starfsemi þeirra, heldur og margt annað sem myndar og mótar sjálfsmynd og sjálfsskilning einstaklinganna.

Danski starfshópurinn lagði mat á þrjár leiðir til breytinga á lögformlegri kynskráningu: 1) yfirlýsingarleið (d. erklæringsmodellen), 2) matsleið (d. vurderingsmodellen) og 3) greiningarleið (d. diagnosemodellen). Samkvæmt leið 1, yfirlýsingarleiðinni, gætu einstaklingar sem telja sig af öðru kyni en líffræðileg einkenni þeirra benda til breytt kynskráningu sinni samkvæmt eigin ákvörðun og án nokkurra skilyrða eða hindrana að því áskildu að breytingin væri ekki gerð í annarlegum tilgangi, í gríni, eða væri birting ómeðhöndlaðs geðsjúkdóms, en hættan á því síðarnefnda var talin helsti ókostur leiðarinnar. Samkvæmt leið 2, matsleiðinni, gæti trans fólk fengið breytt skráningu á kyni samkvæmt vottorði geðlæknis um að viðkomandi væri transsexual og samkvæmt leið 3,

¹² Lag om fastställande av könstillhörighet i vissa fall, 1972:119, með síðari breytingum, 1. gr.

¹³ Juridiskt kön och medicinsk könskorrigering. Betänkande av Utredningen om åldersgränsen för fastställelse av ändrad könstillhörighet. Statens offentliga utredningar. SOU 2014:91. Stockholm 2014.

¹⁴ Rapport fra arbejdsgruppen om juridisk kønsskifte Justitsministeriet. København 27. februar 2014, bls. 3.

greiningarleiðinni, fengist kynskráningarbreyting einungis gegn vottorði byggðu á greiningu sem gerð væri á sérhæfðri stofnun (Sexologisk Klinik).

Dönsk stjórnvöld ákváðu að leggja leið 1 – yfirlýsingaleiðina – til grundvallar lagabreytingum um rétt fólks til að breyta skráðu kyni sínu. Með því var horfið frá kröfunni um ófrjósemisaðgerð og einnig var krafan um sjúkdómsgreiningu sem nauðsynlegan undanfara breyttrar kynskráningar lögð fyrir róða. Þessi ráðstöfun fól í sér viðurkenningu á frelsi einstaklingsins til ákvarðanatöku um persónuhagi en jafnframt yrði gætt að hagsmunum samfélagsins sem varða rétta skráningu í opinberum skráum og skilríkjum. Áskilið var að eina gilda forsenda óskar um breytta kynskráningu væri að viðkomandi einstaklingur hefði tilfinningu fyrir sjálfum sér sem annars kyns en skráning segir til um.

Ákveðið var að leggja til hálfis árs umþóttunartíma frá því að beiðni um breytta kynskráningu væri lögð fram þar til hún gengi í gegn. Með þessu yrði tryggt að ósk um breytingu á kynskráningu væri ekki lögð fram af hvatvísi og bent var á í greinargerð að umsækjandi gæti notað þetta tímabil til að máta sig við nýtt kynhlutverk en ekki var lagt til að það yrði gert að skyldu.¹⁵ Hálfis árs umþóttunartíminn var lögfestur, sbr. 1. gr. laga nr. 752/2014 om ændring af lov om Det Centrale Personregister.

Meðal þess sem dönsk stjórnvöld létu kanna áður en ráðist var í framangreindar lagabreytingar var hvernig ákvæði gildandi laga féllu að 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Var talið að ákvæði gildandi laga um ófrjósemisaðgerð sem undanfara breyttrar kynskráningar kynni að stangast á við 8. gr. sáttmálans.

Í Noregi hafa einnig verið gerðar ráðstafanir sem auðvelda fólki að breyta lögformlegri kynskráningu sinni og styrkja rétt fólks sem upplifir kynósamræmi (n. kjønnsinkongruens) eða kynama (n. kjønnsdysfori). Skipaður var sérfræðingahópur til að fjalla um breytingu á kynskráningu og skipulag heilbrigðisþjónustu sem skilaði álitu í apríl 2015.¹⁶ Í álitinu var lagt til að yfirlýsingarleið (d. erklæringsmodellen) danska starfshópsins væri lögð til grundvallar í samræmi við það viðhorf að enginn væri betur til þess fær að meta þörfina fyrir breytta kynskráningu en einstaklingurinn sem í hlut á.

Ný lög um breytingu á lagalegu kyni tóku gildi í Noregi 1. júlí 2016.¹⁷ Þau fela í sér að ekki þarf annað til að koma til að breyta skráningu kyns en að viðkomandi einstaklingur upplifi að hann tilheyrir „hinu kyninu“. Í lögnum sjálfum er því ekki gerð krafa um að umsækjandi leggi fram skriflega yfirlýsingu. Gert er ráð fyrir því að frá 16 ára aldri geti fólk látið breyta kynskráningu sinni án atbeina annarra en börn á aldrinum 6–16 ára þurfi fulltingi forsjáraðila. Liggi einungis fyrir samþykki annars forsjáraðila er hægt að leita úrskurðar fylkismannsins í Ósló og Akershus. Úrskurðurinn er kæránlegur. Unnt er að kæra niðurstöðu fylkismannsins til úrskurðarnefndar norska ríkisins um heilsufarsmál (n. Helseklage). Hvað börn undir sex ára aldri áhrærir verður kynskráningarbreyting því aðeins gerð að barnið hafi fæðst með ódæmigerð kyneinkenni og þroski þess hafi ekki reynst vera í samræmi við skráð kyn. Foreldrar verða að sækja um breytinguna og að auki þarf vottorð heilbrigðisstarfsfólks að styðja ákvörðun um kynskráningarbreytingu. Engin krafa er í lögnum um umþóttunartíma.

¹⁵ Forslag til Lov om ændring af lov om Det Centrale Personregister. Betænkning.

¹⁶ Rett til rett kjønn – helse til alle kjønn. Utredning av vilkår for endring av juridisk kjønn og organisering av helsetjenester for personer som opplever kjønnsinkongruens og kjønnsdysfori. Helsedirektoratet, Oslo 2015.

¹⁷ Lov om endring av juridisk kjønn 2016-06-17-46.

Umsóknarferlið er ekki útfært að öðru leyti en því að skattstofunni er falið að veita umsóknum víðtöku og meðhöndla þær.

Með nýju lögnum var horfið frá því að gera kröfu um ófrjósemisaðgerð að forsendu fyrir breytingu á skráðu kyni. Lögin gera ekki ráð fyrir kynhlutlausri skráningu og koma því ekki til móts við þarfir kynsegin einstaklinga.

5. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

5.1 Friðhelgi einkalífs.

Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Hugtakið einkalíf er víðtækt og í ákvæðinu um friðhelgi þess felst réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Jafnframt er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Það leiðir af 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar að friðhelgi einkalífs verði ekki skert nema samkvæmt sérstakri lagaheimild og þá einungis ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Einkalíf manna nýtur einnig verndar skv. 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi, 16. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. 71. gr. stjórnarskrárinnar er skýrð með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem felast í þessum ákvæðum, ekki síst síðastnefndu greininni eins og hún hefur verið túlkuð í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.

Í 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans er kveðið á um rétt sérhvers einstaklings til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskrifta. Í annarri málsgrein er kveðið á um heimildir opinberra stjórnvalda til að takmarka þessi réttindi og skilyrði fyrir því að það verði gert. Í fyrsta lagi verður að vera mælt fyrir um slíkar takmarkanir í lögum og í öðru lagi verða þær að vera nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna einhverra af þeim atriðum sem talin eru upp í ákvæðinu, t.d. til verndar heilsu manna eða siðgæði.

Inntak 8. gr. hefur þróast mjög mikið í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins og má til dæmis geta þess að mikil breyting hefur orðið á afstöðu dómstólsins til réttar trans einstaklinga til lagalegrar viðurkenningar á kyni sínu með opinberri skráningu þess og nafnbreytingu. Mannréttindadómstóllinn hefur talið að 8. gr. leggi, umfram aðrar greinar sáttmálans, ríkari skyldur á aðildarríkin til að grípa til aðgerða til þess að tryggja að réttindi hans verði virk í reynd.¹⁸ Þetta eru kallaðar jákvæðar skyldur, því þær krefjast aðgerða af hálfu aðildarríkjanna en ekki einungis að aðildarríkin haldi að sér höndum með íhlutun í einkalíf fólks.

Mannréttindadómstóllinn hefur lagt á það áherslu að hugtakið einkalíf sé víðtækt og verði ekki skilgreint með tæmandi hætti. Samkvæmt dómum Mannréttindadómstólsins fellur undir hugtakið bæði líkamleg og andleg friðhelgi (e. physical and psychological integrity) og það getur einnig tekið til þátta sem varða sjálfsímynd, bæði líkamlega og félagslega, þar á meðal nafn. Kynhneigð, kynlíf og kynvitund fellur undir gildissvið 8. gr. sáttmálans og dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að undir greinina falli einnig réttur til persónulegs þroska (e. personal development) og réttur til að stofna til og þroska sambönd við aðrar manneskjur (sjá

¹⁸ Björg Thorarensen (2005): Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Í: Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Lagadeild Háskólans í Reykjavík, bls. 288.

t.d. Schlumpf v. Switzerland, 9. janúar, mál nr. 29002/06). Dómstóllinn hefur áréttað að hugmyndin um sjálfsforræði (e. personal autonomy) sé mikilvægt meginsjónarmið sem liggi til grundvallar túlkun 8. gr. sáttmálans (sjá m.a. sama mál). Í dómi frá 10. mars 2015 sem varðaði skilyrði fyrir því að fá að gangast undir kynleiðréttingu kemur fram að frelsi til að skilgreina kyn sitt (fr. définir son appartenance sexuelle) sé grundvallarþáttur í sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga (Y.Y. gegn Tyrklandi, mál nr. 14793/08). Í dómi í málum A.P., Garçon og Nicot gegn Frakklandi frá 6. apríl 2017 tók Mannréttindadómstóll Evrópu í fyrsta sinn afstöðu til þess skilyrðis fyrir lagalegri viðurkenningu kynleiðréttingar að viðkomandi einstaklingur hefði gengið í gegnum skurðaðgerð til að breyta líkama sínum. Það var niðurstaða dómstólsins að það að binda viðurkenningu kynvitundar trans einstaklings því skilyrði að hann gengist undir skurðaðgerð eða ófrjósemisaðgerð sem væri andstæð vilja hans bryti gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.¹⁹

5.2 Réttindi barna.

Með lögum nr. 19/2013 var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna) lögfestur hér á landi. Lögfestingin fól í sér að réttaröryggi barna hér á landi var styrkt og réttarstaða þeirra sem sjálfstæðra einstaklinga í samfélaginu treyst.

Ákvæði frumvarps þessa um málefni intersex og trans barna hvíla einkum á þremur greinum barnasáttmálans, 16. gr. um friðhelgi einkalífs barna, 12. gr. um rétt barns til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og síðast en ekki síst 1. mgr. 3. gr. þar sem mælt er fyrir um þá meginreglu að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn. Hér má einnig nefna 8. gr. um rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling.

Samkvæmt 16. gr. barnasáttmálans á barn rétt á lagavernd gegn gerræðislegum eða ólögætum afskiptum af einkalífi sínu. Forsenda þess að barn geti notið þeirra réttinda sem kveðið er á um í 16. gr. er að því sé veittur aukinn réttur, eftir því sem það eldist og þroskast, til þess að taka sjálft ákvarðanir um eigin málefni og þannig hafa meiri áhrif á líf sitt. Réttur barns til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og að hlustað skuli á þær er áréttaður í 12. gr. sáttmálans og felur í sér eina af fjórum grundvallarreglum hans. Ákvæði 12. gr. fela í sér að lítið sé á barn sem fullgilda manneskju með eigin réttindi og skoðanir sem beri að virða og taka tillit til þegar teknar eru ákvarðanir sem varða það. Eftir því sem barnið þroskast og eldist eiga skoðanir þess að fá aukið vægi við alla ákvarðanatöku sem snýr að barninu. Ákvæðið kallar þannig á ný viðhorf til barna og stöðu þeirra í samfélaginu. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem fer með eftirlit með barnasáttmálanum hefur ítrekað bent á að ekki sé hægt að meta raunverulega hvað sé barni fyrir bestu án þess að hlusta á skoðanir og reynslu barnsins. Þannig er 12. gr. og 3. gr. barnasáttmálans nátengdar og er ávallt skylt að gefa börnum tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri áður en teknar eru ákvarðanir sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Barnaréttarnefndin hefur lagt áherslu á að mat fullorðinna á því hvað sé barni fyrir bestu eigi ekki að duga til að takmarka rétt barna til að tjá sig. Þá er nauðsynlegt að börnum sé gert kunnugt um rétt sinn til að tjá sig og tryggja barnvænlegar aðstæður og aðferðir, þannig að börn geti tjáð sig á eigin forsendum. Lokamat á því hvað barni er fyrir bestu við ákveðnar aðstæður er í höndum þeirra sem með

¹⁹ MDE A.P., Garçon og Nicot gegn Frakklandi 6. apríl 2017 (79885/12, 52471/13 og 52596/13).

ákvörðunarvaldið fara, en engu síður ber ávallt að leita eftir skoðunum og óskum barnsins á málinu og taka réttmætt tillit til þeirra út frá aldri og þroska barnsins.

6. Samráð.

Eitt af því sem að hópurinn sem kom upphaflega að samningu frumvarpsdraganna lagði áherslu á var að hafa samráð við aðila sem tengjast málefnum á einn eða annan hátt. Frumvarpið snertir nokkur mismunandi svið og var því ljóst að eiga þyrfti samráð við stóran og fjölbreyttan hóp fulltrúa fagsviða til að stuðla að því að gera það sem best úr garði. Hafði hópurinn samband við ýmsa aðila eftir því sem vinnu við frumvarpið vatt fram. Ábendingar og álit ráðgjafa voru íhuguð í samhengi við löggjöf annarra þjóða, tilmæli alþjóðastofnana, verklagsreglur alþjóðasamtaka og reynslu grasrótarinnar. Eftirfarandi aðilar veittu hópnum aðstoð og ráðgjöf:

Dáverandi umboðsmaður barna gaf hópnum skriflegt álit sitt um fyrstu frumvarpsdrögin og setti fram mikilvægar ábendingar um ýmis atriði sem snúa að réttindum barna. Taldi umboðsmaður ótvírætt að drögin fælu í sér réttarbót fyrir trans og intersex börn. Lagði hann áherslu á að leitað yrði eftir sjónarmiðum trans ungmenna um frumvarpið og í kjölfarið voru drögin kynnt fyrir ungliðahópi Samtakanna '78.

Frumvarpshópurinn fékk á sinn fund tvo fulltrúa frá landlæknisembættinu til að ræða skipulag heilbrigðisþjónustu við trans og intersex fólk og veitti embættið hópnum jafnframt gagnlegar upplýsingar meðan frumvarpið var í smíðum.

Haldinn var fundur með framkvæmdastýru Mannréttindaskrifstofu Íslands og fulltrúa frá Jafnréttisstofu og lýstu þær eindregnum stuðningi við frumvarpið og töldu það fela í sér réttarbót fyrir trans og intersex fólk. Gáfu þær hópnum gagnlegar ábendingar.

Frumvarpshópurinn átti nokkra fundi með heilbrigðisstarfsfólki, bæði sérfræðingum frá teymi Landspítala um kynáttunarvanda og frá Barna- og unglíngageðdeild (BUGL) sem og barnalæknum. Sálfræðingur teymis Landspítala veitti hópnum fræðslu um starfsemi teymisins og í kjölfarið átti hópurinn fund með teyminu og fleira heilbrigðisstarfsfólki sem sinnir þjónustu við trans fólk svo og barnalæknum sem annast aðgerðir á börnum með ódæmigerð kyneinkenni. Fram komu á fundinum efasemdir lækna um þá stefnu að láta frumvarpið taka bæði til málefna trans fólks og intersex fólks og lögðu þeir áherslu á að út frá læknisfræðilegu sjónarhorni væru þessir málaflokkar aðskildir. Einnig höfðu lækningar athugasemdir við framsetningu þeirrar greinar frumvarpsins sem fjallaði um breytingar á kyneinkennum barna. Hópurinn átti annan fund með barnalækni og barnaskurðlækni Landspítala þar sem þessi málefni voru rædd.

Hópurinn átti fund með geðlækni sem lengi hefur starfað hjá BUGL og veitti hann mikilvægar upplýsingar um meðferð við kynósamræmi barna. Mikil fjölgun hefur orðið undanfarin ár í hópi barna sem leita þjónustu vegna kynósamræmis og er þessi hópur sérstaklega viðkvæmur og mikilvægt að sinna honum vel. Lagði geðlæknirinn áherslu á þann mun sem væri á meðferð barna og unglínganna annars vegar og fullorðinna hins vegar. Þetta gerði það að verkum að eðlilegt væri að gera ráð fyrir að tvö teymi væru starfandi teymi Landspítala annars vegar og teymi Barna- og unglíngageðdeildar hins vegar. Sama sjónarmið kom fram á fundi hópsins með teymi Landspítala.

Af öðrum aðilum sem leitað var til má nefna lögfræðing umboðsmanns barna og prófessor í guðfræðilegri siðfræði við Háskóla Íslands. Einnig lét Katrina Roen, prófessor við sálfræðideild Óslórháskóla og stjórnarmeðlimur European Network for Psychosocial Studies

in Intersex/Diverse Sex Development (EuroPSI) hópnum í té álit sitt á frumvarpsdrögunum, og Transgender Europe (TGEU) gaf umsögn um þau.

Af hálfu velferðarráðuneytis var aflað umsagna frá eftirtöldum aðilum síðsumars 2018: Mannréttindaskrifstofu Íslands, Samtökunum 78, Intersex Ísland, umboðsmanni barna, Þjóðskrá, samgönguráðuneytinu, Jafnréttisstofu og teymi Landspítala um kynáttunarfanda. Í umsögnunum komu fram margar gagnlegar ábendingar og hafa þær verið hafðar til hliðsjónar við lokafrágang frumvarpsins. **Í vinnslu...**

7. Mat á áhrifum.

Í vinnslu...

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið frumvarpsins en það er að vernda grundvallarrétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt sjálfir og tryggja að kynvitund allra einstaklinga njóti viðurkenningar. Staðfesting réttar einstaklinga til að skilgreina sjálfir kyn sitt leiðir af sér réttinn til að breyta skráningu kyns í opinberum skrá og nafni sé þess þörf svo samræmist kynvitund viðkomandi.

Frumvarpinu er einnig ætlað að standa vörð um líkamlega friðhelgi einstaklinga en mannréttindadómstóll Evrópu hefur áréttað að bæði kynvitund og líkamleg friðhelgi falli undir hugtakið „einkalíf“ í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Miða ákvæði frumvarpsins að því að tryggja vernd trans og intersex fólks að þessu leyti.

Um 2. gr.

Skilgreind eru sjö hugtök í jafnmörgum töluliðum sem ætla má að þurfi skýringar við til að efni laganna komist fyllilega til skila. Eru skýringarnar í samræmi við viðurkennda merkingu þessara hugtaka innan samtaka trans og intersex fólks sem og í fræðiritum um kynjafræði.

Fimm hugtakaskýringar lúta að hugtakinu kyn og birtingarformum þess sem sum tengjast líkama fólks en önnur sjálfsmynd þess, háttarni og framkomu og endurspeglar það að kyn á sér bæði líffræðilegar og félagslegar forsendur. Þetta eru hugtökin kyn (e. sex), kyneinkenni (e. sex characteristics), kyngervi (e. gender), kyntjáning (e. gender expression) og kynvitund (e. gender identity). Hugtakið kynósamræmi (e. gender incongruance) vísar til ósamræmis milli kynvitundar einstaklings og þess kyns sem honum var úthlutað við fæðingu og þess kyngervis og/eða þeirra kyneinkenna sem tengjast því kyni. Síðasta hugtakaskýringin fjallar um líkamlega friðhelgi (e. physical integrity) og skírskotar til þess að líkami einstaklings er mikilvægur þáttur einkalífs viðkomandi og verðskuldar vernd á þeim forsendum.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett fram í fjórum staflaðum þau réttindi sem frumvarp þetta staðfestir og hverfist um. Í fyrsta lagi er kveðið á um rétt hvers einstaklings til að skilgreina sjálfur kyn sitt. Ákvæðið leiðir af sér heimildina til að fá breytt opinberri skráningu kyns síns og nafni eins og kveðið er á um í 4. og 5. gr. og möguleikann á kynhlutlausri skráningu, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Sjálfræði einstaklingsins um kyneinkenni sín og breytingar á þeim er einnig þáttur í þessum réttindum.

Í öðru lagi er mælt fyrir um rétt hvers einstaklings til viðurkenningar á kyni sínu, kynvitund og kynþjáningu. Þetta krefst þess að fyrir hendi sé aðgengilegt og virkt ferli vegna breytingar á kynskráningu og greiður aðgangur að heilbrigðisþjónustu fyrir þá sem þurfa vegna breytinga á kyneinkennum svo að þau samræmist kynvitund þeirra.

Í þriðja lagi er kveðið á um rétt hvers einstaklings til að þroska persónuleika sinn í samræmi við eigin kynvitund. Þessi þáttur snýr m.a. að stöðu trans og intersex einstaklinga í samfélaginu og frelsi þeirra til að lifa í samræmi við kynvitund sína. Hér má minna á að rétturinn til persónulegs þroska (e. personal development) nýtur verndar 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs.

Í fjórða lagi mælir 3. gr. fyrir um réttinn til líkamlegrar friðhelgi en þar er vísað til sjálffræðis varðandi breytingar á kyneinkennum. Ákvæðið felur þó ekki í sér að einstaklingar geti gert kröfu um að tilteknaðgerðir séu framkvæmdar á tilteknum tíma heldur ræðst þetta af samráði einstaklingsins og þess heilbrigðisstarfsfólks sem veitir þjónustuna.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um rétt einstaklinga, 15 ára og eldri, til að breyta opinberri skráningu kyns síns og felur í sér útfærslu á réttinum til að skilgreina kyn sitt sjálfur, sbr. a-lið 3. gr. Sérstök ákvæði um breytingu á skráðu kyni barns er að finna í 5. gr.

Aldursmörk fyrir breytta kynskráningu samkvæmt eigin ákvörðun og án atbeina annarra eru við 15 ára aldur enda þótt einstaklingur á þeim aldri sé enn á barnsaldri í skilningi laga. Við undirbúning frumvarpsins var íhugað hvort þessi aldursmörk ættu að miðast við 16 ár svo sem til dæmis er gert í 1. mgr. 26. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Í því sambandi var litið til Norðurlandanna en í norsku lögnum um breytingu á skráðu kyni (lov om endring av juridisk kjønn) er einnig miðað við að börn sem orðin eru 16 ára geti sjálf óskað eftir breytingunni. Í skýrslu sænskra stjórnvalda um aldursmörk fyrir breytta kynskráningu er lagt til að aldursmörk fyrir breytingu á kynskráningu samkvæmt eigin ákvörðun verði 15 ár. Tillagan byggist á því að við þennan aldur hafi börn náð þeim þroska að geta tekið sjálfstæða ákvörðun um skráningu kyns síns í samræmi við eigin vilja. Í umsögn umboðsmanns barna um frumvarp þetta var bent á að mörg ungmenni horfi til framhaldsskólans sem „nýs upphafs“. Sum þeirra séu 15 ára þegar þau hefja nám í framhaldsskóla en á 16 ári ef þau eiga afmæli seint á árinu. Lagði umboðsmaður til að binda sjálfstæðan rétt ungmenna til að breyta skráningu kyns og nafni við 15 ára aldurinn fremur en 16 ára. Jafnframt var nefnt í umsögninni stígvaxandi rétt barns til að taka ákvarðanir um eigið líf, sem dæmi er barn orðið sjálfstæður aðili að barnaverndarmáli við 15 ára aldur og þarf því að samþykkja allar ráðstafanir af hendi barnaverndar, sbr. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Þá verður barn sakhæft við 15 ára aldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Einnig fá börn aukin réttindi samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, auk er 15 ára aldur kynferðislegur lágmarksaldur. Ákveðið var að fallast á þessa tillögu umboðsmanns barna.

Enda þótt réttur forsjáradila til að hlutast til um málefni barnsins sé skertur með ákvæðinu er það talið réttlætjanlegt þar sem ákvörðunin um breytta kynskráningu sé einföld og afturkræf stjórnsýsluaðgerð sem geti ekki talist erfið eða tiltakanlega afdrifarík en sé þó einkar mikilvæg fyrir heill þess sem í hlut á.

Kveðið er á um að Þjóðskrá Íslands annist breytingu á skráðu kyni og gerir greinin ráð fyrir að breytingin sé ekki háð neinum skilyrðum. Þessu til áréttingar er tekið fram í 2. mgr. greinarinnar að óheimilt sé að gera læknisfræðilegar meðferðir að skilyrði fyrir slíkri breytingu. Þetta fyrirkomulag felur í sér grundvallarbreytingu frá gildandi lögum um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarförum, nr. 57/2012, og er gerð nánari grein fyrir henni

í 4.1 kafla almennra athugasemda. Samhliða breytingu á skráðu kyni öðlast einstaklingurinn sem breytinguna gerir rétt til að breyta nafni sínu. Um nafnbreytingu fer samkvæmt ákvæðum laga um mannanöfn. Þá á fólk rétt á því að skilríki þess endurspegli kyn þess eins og það er skráð í Þjóðskrá. Jafnframt er kveðið á um rétt einstaklings sem hefur fengið breytt skráningu kyns síns í Þjóðskrá til þess að fá endurúttefning gögn sem varða menntun og starfsferil, svo sem prófskírteini og þess háttar, þannig að þau samræmist breytingunni. Skylda til að láta slík gögn í té hvílir jafnt á opinberum aðilum sem einkaaðilum.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um breytingu á skráðu kyni barns og miðast gildissvið hennar við börn undir 15 ára aldri. Um breytingu á skráningu kyns þeirra sem eru 15 ára og eldri gildir 4. gr.

Í greinargerð sem gerð var til undirbúnings lagabreytingum í Svíþjóð varðandi breytingar á kynskráningu og aðgerðir til að laga kyn fólks að kynvitund þess, og fjallar sérstaklega um aldursmörk við slíka ákvarðanatöku, er bent á að rétt viðbrögð við tilfinningum barna fyrir kyni sínu séu einkar mikilvæg fyrir velferð þeirra. Ungur aldur geti ekki einn og sér talist næg ástæða til að hindra breytingar á kynskráningu heldur krefjist hagsmunir barna og mannréttindasjónarmið þess þvert á móti að réttur þeirra til breytinga á skráðu kyni sé virtur. Þegar til þess kemur að kanna vilja barns og burði þess til að taka ákvarðanir ber að veða saman þroska barnsins, erfiðleikastig ákvörðunarinnar og afleiðingar hennar. Ef barnið eða ungmennið er álitid fært um að tileinka sér upplýsingar um málefnið sem ákvarðanataka snýst um og öðlast yfirsýn yfir afleiðingar þeirrar ákvörðunar sem tekin er telst það fært til að taka hana.

Með þetta í huga hefur verið búið svo um hnúta í 5. gr. að þegar börn undir 15 ára aldri eiga í hlut sé meginreglan sú að ákvörðun um breytingu á skráðu kyni þeirra sé tekin með atbeina forsjáradila. Í því felst að samþykki beggja forsjáradila er áskilið ef þeir eru tveir. Gert er ráð fyrir að forsjáradilar barnsins standi að beiðni um breytingu til Þjóðskrár fyrir hönd barnsins. Eins og getið var um í 4. kafla almennra athugasemda frumvarpsins hafa sérfræðingar á Norðurlöndum lagt til að heimild til að breyta skráðu kyni ungra barna (undir sex ára aldri) sé bundin við börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni ef þróun kynvitundar þeirra verður ekki í samræmi við skráð kyn. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að afmarka heimildina með þessum hætti. Hins vegar er áréttað að ákvörðunin skuli tekin með hagsmunum barnsins að leiðarljósi og að hún skuli vera í samræmi við vilja þess og þróun kynvitundar. Í þessu sambandi er einnig litið til þess að ákvörðunin er afturkræf og framkvæmdin einföld. Gera verður ráð fyrir að forsjáradilar hafi í flestum tilvikum sótt leiðbeiningar og ráðgjöf sérfræðinga áður en ákvörðun um breytingu á skráningu kyns barns er tekin. Afar mikilvægt er að aðgengi forsjáradila sem standa í þessum sporum að ráðgjöf sé gott, svo og að þeir njóti stuðnings fagfólks. Í 13. gr. frumvarpsins um sérfræðingateymi barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala er leitast við að tryggja þetta.

Réttur barns til að breyta nafni sínu fylgir breytttri skráningu kyns. Um nafnbreytingu fer samkvæmt ákvæðum laga um mannanöfn, sbr. breytingar sem lagðar eru til á þeim lögum í 2. tölul. 18. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að börn geti sjálf farið fram á breytingu á skráningu kyns síns og nafni með samþykki sérfræðinefndar skv. 9. gr. Þessi heimild er ekki síst hugsuð til þess að koma til móts við börn yngri en 15 ára sem óska eftir slíkri breytingu en hafa ekki stuðning forsjáradila til hennar eða njóta einungis stuðnings annars forsjáradila. Með heimildinni er réttur barnsins til að ráða sjálft fyrir þessum málum styrktur og sú skylda lögð á

sérfræðinefndina að meta þroska barnsins og getu til að taka slíka ákvörðun.

Velferð barns – það sem því er fyrir bestu – og þroski þess eru meginatriði þegar að því kemur að virkja sjálfsákvörðunarrétt þess til að meta hvort kynskráningarbreyting skuli gerð eða ekki og ber öllum hlutaðeigandi að starfa samkvæmt þessu.

Um 6. gr.

Heimild til kynhlutlausrar skráningar felur í sér viðurkenningu á því að ekki falla allir einstaklingar undir tvískiptinguna í kven- eða karlkyn. Ákvæði 6. gr. felur í sér að fólk skuli ekki lengur þvingað til að undirgangast þessa skiptingu heldur verði almennt gert ráð fyrir þriðja möguleika, þ.e. hlutlausri skráningu kyns. Í samræmi við þetta er lögð sú skylda á alla þá sem skrá kyn einstaklinga, hvort sem það eru opinberir aðilar eða einkaaðilar, að þeir sjái til þess að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Þetta getur m.a. átt við um skilríki hvers konar, eyðublöð og gagnasöfn. Kynhlutlaus skráning skal táknuð með óygggjandi hætti og í vegabréfum skal hún ávallt táknuð með bókstafnum X.

Nokkur ríki gera þegar ráð fyrir kynhlutlausri skráningu þar sem táknið X er notað í stað kven- eða karlkyns. Þetta á t.d. við um Ástralíu, Danmörku, Kanada, Möltu, Nýja-Sjáland, nokkur ríki Bandaríkjanna og Þýskaland.

Hér er gert ráð fyrir að hlutlaus kynskráning geti varað til lífstíðar og sé jafngild skráningu í kven- eða karlkyn en sé að öðru leyti undirorpin sömu breytingarmöguleikum og önnur kynskráning.

Í ljósi þessarar breytingar er nauðsynlegt að gera breytingar á ýmsum ákvæðum laga sem fela í sér afgerandi tvíhyggju varðandi kyn, m.a. laga um mannanöfn, nr. 45/1996. Í a-lið 2. tölul. 18. gr. er lagt til að fellt verði brott ákvæði 2. mgr. 5. gr. þar sem segir að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn. Er það þar með lagt í hendur forsjáraðila að velja barni sínu viðeigandi nafn án þess að vera skylt að ganga út frá forsendum tvíhyggjunnar. Jafnframt er í c-lið sama tölul. lagt til að einstaklingum með kynhlutlausu skráningu í þjóðskrá verði heimilt að nota föður- eða móðurnafn sem er nafn föður eða móður í eignarfalli, án viðbótarinnar -son eða -dóttir, eða með viðbótinni -bur.

Um 7. gr.

Samkvæmt 7. gr. er aðeins heimilt að breyta skráningu kyns einu sinni nema sérstaklega standi á. Ákvæðið samsvarar 17. gr. mannanafnalaga. Mikilvægt er að hafa í huga að komið getur til þess að einstaklingur kjósi að taka til baka breytta skráningu kyns og er nauðsynlegt að tekið sé tillit til þess. Með orðalaginu „nema sérstaklega standi á“ er meðal annars vísað til slíkra tilvika.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. segir að breytt kynskráning hafi ekki áhrif á réttarstöðu barns gagnvart foreldri sem hefur breytt kynskráningu sinni. Ákvæðið er efnislega samhljóða 11. gr. laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að einstaklingur sem fengið hefur breytt opinberri skráningu kyns síns njóti allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér. Sams konar ákvæði er að finna í 7. gr. laga nr. 57/2012. Þar sem réttur til að skrá kyn samkvæmt eigin ákvörðun getur leitt til þess að skráð kyn og kyneinkenni fari ekki saman samkvæmt hefðbundnum skilgreiningum þessara einkenna er staðfest í 3. mgr. að sérhver einstaklingur eigi rétt á heilbrigðisþjónustu í samræmi við kyneinkenni sín, óháð skráningu kyns. Samkvæmt 4. mgr. gilda reglur sem eiga við um konu

sem gengur með og fæðir barn einnig um einstakling sem gengur með og fæðir barn eftir að hafa breytt skráningu kyns síns. Þetta á til dæmis við um ákvæði í lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um skipun og hlutverk sérfræðinefndar um breytingar á kynskráningu og kyneinkennum barna. Nefndin er stjórnvæðing og er henni ætlað það hlutverk að vera eins konar réttargæsluaðili barna varðandi ákvarðanir sem lúta að breytingu á kynskráningu og kyneinkennum. Henni er ætlað að taka ákvarðanir um hvort veita skuli barni undir 15 ára aldri heimild til að breyta opinberri skráningu kyns síns ef það fer sjálfst fram á hana án þess að forsjáradilar standi að beiðninni með því, eða ef forsjáradila greinir á um breytinguna, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Ákvarðanir nefndarinnar eru stjórnvaldsákvarðanir og ber því að gæta stjórnvæðingalaga við málsmeðferð. Áréttuð er þagnarskylda nefndarmanna og þeirra sérfræðinga sem aflað er umsagnar hjá samkvæmt greininni.

Um 10. gr.

Breytt skráning kyns og breytt nafn einstaklings sem gerð hefur verið með atbeina dómstóls eða lögbærs yfirvalds í öðru landi nýtur fullrar viðurkenningar á Íslandi. Þetta er áréttuð í 10. gr. Einnig er fjallað um viðurkenningu kynvitundar einstaklinga sem sækja hér um alþjóðlega vernd. Er lagt til að einstaklingur geti óskað eftir því að í skráningarskírteini, sbr. 34. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, verði kyn hans skráð í samræmi við kynvitund hans enda þótt það samrýmist ekki skilríkjum hans frá heimaríki. Þegar kemur að skráningu viðkomandi í þjóðskrá nýtur hann sama réttar og aðrir að því er varðar ákvörðun og skráningu kyns.

Um 11. gr.

Í 5. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta er fjallað um friðhelgi einkalífs skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þar kemur fram að hugtakið einkalíf er víðtækt og í ákvæðinu um friðhelgi þess felst m.a. réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur staðfest að líkamleg og andleg friðhelgi (e. physical and psychological integrity) felist í hugtakinu einkalíf í skilningi 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Um líkamlega friðhelgi gagnvart lækni meðferðum er fjallað í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Í 3. mgr. 7. gr. þeirra er sett fram sú meginregla að enga meðferð megi framkvæma án samþykkis sjúklings og að samþykkið skuli eftir því sem kostur er vera skriflegt. Frá meginreglunni er heimilt að víkja í tveimur tilvikum. Annars vegar er það heimilt ef í hlut á sjúklingur sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem lögræðislög tilgreina, er ófær um að taka ákvörðun um meðferð, en þó er skylt að hafa hann með í ráðum eftir því sem kostur er. Hins vegar er í 9. gr. laganna heimild til að víkja frá meginreglunni ef sjúklingur er meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg.

Ákvæði 11. gr. frumvarps þessa eru í raun árétting á framangreindri meginreglu laga um réttindi sjúklinga og varða varanlegar breytingar á kynfærum, kynkirtlum eða öðrum kyneinkennum einstaklings. Ákvæðið gerir strangari kröfur til forms samþykkis og skal það í

öllum tilvikum vera skriflegt. Í 2. mgr. er áréttað að undantekningar laga um réttindi sjúklinga frá meginreglunni um samþykki gildi um þær aðgerðir sem greinin fjallar um.

Rétt er að geta þess að sérákvæði eru um börn yngri en 16 ára í VI. kafla laga um réttindi sjúklinga. Eins og áður er getið er ekki fjallað í frumvarpi þessu um breytingar á kyneinkennum barna eins og fyrirhugað hafði verið. Gilda því ákvæði VI. kafla laga, nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga um þau.

Í 3. mgr. 11. gr. er mælt fyrir um þær upplýsingar sem skylt er að veita sjúklingi áður en breytingar eru gerðar á kyneinkennum hans og á ákvæðið sér samsvörun í 1. mgr. 5. gr. laga um réttindi sjúklinga. Í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins er þó jafnframt kveðið á um skyldu til að upplýsa sjúkling um það hvort fyrirhuguð meðferð hafi áhrif á getu hans til að auka kyn sitt. Hafi hún í för með sér skerðingu á þessari getu eða varanlega ófrjósemi er skylt að upplýsa sjúkling um möguleika á varðveislu kynfrumna. Meðal þeirra upplýsinga sem sjúklingur á rétt á samkvæmt áðurnefndri grein laga um réttindi sjúklinga eru upplýsingar um möguleika á að leita álits annars lækni eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur. Breytingar á kyneinkennum snerta kjarna sjálfsmyndar hvers einstaklings og geta haft mikil áhrif á andlega líðan hans til framtíðar. Af þeim sökum er í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins afdráttarlausara ákvæði um þetta atriði og er mælt fyrir um að einstaklingum skuli boðið að leita álits annars sérfræðings á nauðsyn aðgerðar og skal það vera þeim að kostnaðarlausu.

Í 18. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, er kveðið á um heimildir til að gera ófrjósemisaðgerðir. Ekki er þar getið um ófrjósemisaðgerðir í tengslum við kynleiðréttingu og falla þau tilvik í raun ekki að þeim heimildum sem greinin mælir fyrir um. Til að tryggja skýra heimild til breytinga á kyneinkennum sem fela í sér ófrjósemi viðkomandi er í 3. tölul. 18. gr. lögð til breyting á 18. gr. laga nr. 25/1975. Felur hún í sér viðbót þar sem segir að ófrjósemisaðgerð, sem er liður í breytingu á kyneinkennum sem einstaklingur óskar eftir að verði gerð, sé heimil enda hafi viðkomandi verið upplýstur um þessa afleiðingu breytingarinnar og um möguleika á varðveislu kynfrumna.

Um 12. gr.

Ákvæðið fjallar um teymi Landspítala um kynósamræmi og breytingar á kyneinkennum. Hlutverk teymisins er að veita skjólstæðingum 18 ára og eldri upplýsingar, ráðgjöf og meðferð í samræmi við þarfir hvers og eins. Mikilvægt er að þjónusta við skjólstæðinga teymisins sé samhæfð og veitt á breiðum grundvelli og er m.a. lögð á þetta áhersla í verklagsreglum WPATH, sbr. 3.2.4 kafla almennra athugasemda hér að framan. Fræðsla og stuðningur jafningja skiptir einnig miklu máli í þessu sambandi. Gert er ráð fyrir að teymi Landspítala verði eflt frá því sem nú er og er lögð sérstök áhersla á að auka hinn félagslega þátt þjónustunnar. Því er lagt til að í teyminu séu félagsráðgjafi, kynjafræðingur og sérfræðingar á sviði geðlækninga, sálfræði, innkirtlalækninga og skurðlækninga. Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að teyminu sé heimilt að kalla til aðra sérfræðinga sér til ráðgjafar og samstarfs. Þetta geta verið kvensjúkdómalæknir, talmeinafræðingur, iðjuþjálfari o.fl. Lagt er til að félagsráðgjafi og kynjafræðingur teymisins gegni víðtæku hlutverki og sinni bæði skjólstæðingum og aðstandendum þeirra. Þá er kveðið á um að þeir skuli gangast fyrir því að skjólstæðingar teymisins geti notið jafningjafræðslu og hafi samstarf við samtök trans fólks vegna þess.

Tekið er fram að um réttindi og skyldur starfsfólks teyma skv. 12. og 13. gr. gildi ákvæði

laga um heilbrigðisstarfsmenn og er þetta nauðsynlegt þar sem kynjafræðingar teljast ekki til heilbrigðisstétta og falla þar af leiðandi ekki sjálfkrafa undir þau lög.

Í 3. mgr. 12. gr. er kveðið á um að teymi Landspítala setji sér verklagsreglur og skulu þær vera í samræmi við viðurkenndar vinnureglur á alþjóðlegum vettvangi. Hér er fyrst og fremst vísað til verklagsreglna WPATH. Mælt er fyrir um samráð teymisins við samtök trans fólks um samningu verklagsreglnanna og uppfærslu þeirra. Hjá samtökunum er hægt að ganga að reynslu fólks af því að fara í gegnum kynleiðréttingarferli og er mikilvægt að sú reynsla nýtist til að skipuleggja þjónustuna á sem allra bestan hátt. Eins geta trans einstaklingar gefið heilbrigðisstarfsfólki mikilvægar upplýsingar og ráð um það hvernig æskilegt er að koma fram við skjólstæðinga svo að þeim sé sýnd fyllsta virðing. Hér má t.d. nefna rétta orðnotkun og framkomu en í verklagsreglum WPATH er lögð áhersla á þetta atriði.

Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. er heimilt að skjóta ákvörðun um synjun aðgerðar sem felur í sér breytingu á kyneinkennum til landlæknis. Ákvörðun landlæknis er síðan kæranaleg til ráðuneytis heilbrigðismála. Líta verður svo á að ákvörðun um synjun aðgerðar sem felur í sér breytingu á kyneinkennum sé í eðli sínu stjórnvaldsákvörðun og því nauðsynlegt að kveða á um kæruehimild vegna hennar. Um meðferð kærumála hjá landlækni og ráðuneyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnvísulaga. Kæruleiðin er sú sama og gildir um synjun á tæknifrjógungunaraðgerð samkvæmt lögum um tæknifrjógungu og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996. Að öðru leyti fer um rétt skjólstæðinga til að kvarta yfir þjónustu og meðferð skv. 28. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um 13. gr.

Ekki er fjallað um sérstakt teymi um kynósamræmi hjá börnum í lögum nr. 57/2012 en þrátt fyrir það hefur slíkt teymi starfað við barna- og unglíngageðdeild Landspítala (BUGL) undanfarin ár. Sífellt fleiri börn leita sér aðstoðar vegna kynósamræmis og því þótti nauðsynlegt að skipuleggja sérstakt meðferðarteymi við BUGL. Þar sem meðferð við kynósamræmi hjá börnum er um margt afar frábrugðin meðferð fullorðinna þykir einsýnt að halda því fyrirkomulagi sem nú er, þ.e. að starfrækja tvö teymi. Er í 13. gr. mælt fyrir um teymi barna- og unglíngageðdeilda um kynósamræmi og ódæmigerð kyneinkenni. Teymið skal hafa á að skipa félagsráðgjafa, kynjafræðingi og sérfræðingum á sviði barnageðlækninga, barnasálfræði og innkirtlalækninga. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að félagsráðgjafi og kynjafræðingur teymis BUGL séu þeir sömu og starfa innan teymis Landspítala. Teymi BUGL er heimilt að kalla til aðra sérfræðinga sér til ráðgjafar og samstarfs. Hlutverk teymisins er tvíþætt samkvæmt frumvarpinu. Það lýtur annars vegar að því að veita börnum yngri en 18 ára sem upplifa kynósamræmi meðferð í samræmi við þarfir hvers og eins og veita forsjáraðilum þeirra stuðning og ráðgjöf. Hins vegar skal teymið veita börnum sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og forsjáraðilum þeirra stuðning og ráðgjöf. Stuðningur við intersex börn og forsjáraðila þeirra er afar mikilvægur og þarf hann að vera til reiðu allt frá því að barnið er greint og fram á fullorðinsár. Á þetta er lögð áhersla í ályktun þings Evrópuráðsins frá 2013 um rétt barna til líkamlegrar friðhelgi (Resolution 1952 (2013)) og í tilmælum mannréttindafulltrúa ráðsins frá árinu 2012.²⁰ Ítrekað skal að nauðsynlegt er að vinna áfram að úrbótum í málefnum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og er lagt til í frumvarpi þessu ákvæði til bráðabirgða um að ráðherra skipi starfshóp til að sinna því verkefni. Jafningjafræðsla, t.d. fyrir unglínginga sem upplifa kynósamræmi, er mikilvæg og

²⁰ Human rights and intersex people, bls. 9.

einnig getur verið gagnlegt fyrir forsjáradila intersex barna að njóta stuðnings annarra forsjáradila í sömu sporum. Gert er ráð fyrir að teymi BUGL hafi samstarf við samtök trans fólks og intersex fólks vegna jafningjafræðslu.

Í 2. mgr. 13. gr. er kveðið á um að teymi BUGL setji sér verklagsreglur og er ákvæðið sambærilegt við 3. mgr. 12. gr.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um það hverjir hafa rétt til að nýta sér þjónustu teyma skv. 12. og 13. gr. og eru það þeir sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Þá er mælt fyrir um að Sjúkratryggingar Íslands greiði kostnað vegna þjónustu teymanna. Mikilvægt er að búa svo um hnúta að kostnaður verði ekki til að hindra það að trans fólk og intersex fólk geti fengið þá þjónustu sem það þarf á að halda. Er því lagt til að Sjúkratryggingar Íslands greiði almennt fyrir þá þjónustu sem teymin veita.

Um 15. til 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í 1. tölul. er lögð til breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 (jafnréttislögum). Breytingin felst í því að bætt verði málsgrein við 24. gr. laganna sem tryggi einstaklingum sem hafa kynhlutlausu skráningu, sbr. 6. gr. frumvarpsins, vernd gagnvart mismunun til jafns við konur og karla. Nánar tiltekið mælir ákvæðið fyrir um að IV. kafli jafnréttislaga gildi einnig um þá einstaklinga sem hafa kynhlutlausu skráningu í þjóðskrá. Kafllinn fjallar um bann við mismunun á grundvelli kyns en í ákvæðum hans er gengið út frá því að kynin séu aðeins tvö og á 24. gr. samkvæmt orðalagi sínu aðeins við um konur og karla. Í 2. tölul. er mælt fyrir um breytingar á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, til samræmis við efni frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að 2. mgr. 5. gr. falli brott. Ákvæðið kveður á um að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og dreng skuli gefa karlmannsnafn. Það byggist því alfarið á tvíhyggju um kyn og þykir eðlilegt í ljósi breyttra viðhorfa og efnis frumvarps þessa að fella ákvæðið brott. Ákvæðið í 3. mgr. 5. gr., sem mælir fyrir um að eiginnafröng megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama, setur frelsi forsjáradila til að gefa barni sínu nafn ákveðin mörk. Á síðustu árum hefur verið samþykkt á mannanafnaskrá að minnsta kosti eitt nafn sem getur hvort sem er verið karlmanns- og kvenmannsnafn, nafnið Blær. Það tekur þó mismunandi beygingarform eftir því hvort það er notað í karlkyni eða kvenkyni. Forsjáradilum intersex barna væri akkur í því að slíkum nöfnum fjölgaði þannig að þeir gætu valið barni sínu nafn sem gengur jafnt fyrir stúlku og drengi og þyrftu ekki að breyta því þótt kynvitund barnsins þróist í aðra átt en gert er ráð fyrir í frumvarpi þess. Brottfall ákvæðis 2. mgr. 5. gr. opnar einnig möguleikann á að nöfn geti verið hvorugkynsorð og þar með kynhlutlaus. Ákvæði 2. másl. 1. mgr. 6. gr. laga um mannanöfn byggist sömuleiðis alfarið á tvíhyggju um kyn en þar segir að millinafn megi hvort heldur gefa stúlku eða dreng. Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt brott, sjá b-lið 2. tölul. Í meginreglu 1. másl. sömu málsgreinar segir enda að heimilt sé að gefa barni eitt millinafn. Heimildin gildir um öll börn og því virðist ákvæði 2. másl. óþarft. Í c-lið 2. tölul. er gert ráð fyrir að við 3. mgr. 8. gr. bætist nýr máslíður sem heimili einstaklingum með hlutlausu kynskráningu í þjóðskrá að nota föður- eða móðurnafn sem er nafn föður eða móður í eignarfalli án viðbótarinnar -son eða -dóttir eða með viðbótinni -bur. Orðið bur var meðal nýyrða sem hlutu viðurkenningu dómnemndar í hýrýrðasamkeppni Samtakanna '78 árið 2015. Það er notað í merkingunni sonur eða dóttir. Fram kom að orðið

væri fornt í málinu, upprunalega í karlkyni, og merkti þá sonur. Einnig var bent á að það væri af sama stofni komið og „að bera“ og „barn“ og er ekki bundið karlkyni nema málfræðilega. Orðið fellur haganlega að hvorugkynsbeygingum (bur-bur-buri-burs) og má því auðveldlega taka upp í nýju málfræðilegu kyni. Bent hefur verið á að með því að heimila einstaklingum með kynhlutlausu skráningu til að nota föður- eða móðurnafn í eignarfalli án viðbótar sem kenninafn sé þeim veittur rýmri réttur en þeim sem skráðir eru karlkyns eða kvenkyns. Verður að telja að þessi mismunur á réttindum sé byggður á málefnalegum sjónarmiðum og því réttlætanager. Í d-lið 2. tölul. eru settar fram tvær breytingar á 13. gr. mannanafnalaga. Annars vegar er gert ráð fyrir að aldursviðmiði greinarinnar verði breytt til samræmis við aldursviðmið 5. gr. frumvarpsins, þ.e. í 15 ár. Hins vegar er lagt til nýtt ákvæði um nafnbreytingu barns yngra en 15 ára sem óskað er eftir í tengslum við breytingu á skráningu kyns. Samsvarandi breytingar eru lagðar til á 14. gr., sbr. e-lið 2. tölul. Gert er ráð fyrir að breyting á kenninafni barns vegna breytingar á kynskráningu geti einungis falist í að endingu kenninafns sé breytt til samræmis við kyn barnsins, þ.e. úr -son í -dóttir eða öfugt. Ef barnið fær kynhlutlausu skráningu gildir hins vegar ákvæðið sem lagt er til í c-lið, þ.e. að heimilt sé að nota föður- eða móðurnafn sem er nafn föður eða móður í eignarfalli án viðbótar eða með viðbótinni -bur. Um annars konar breytingar á kenninafni fer samkvæmt öðrum ákvæðum 14. gr. Að lokum er lagt til í f-lið 2. tölul. að við mannanafnalög bætist ný grein, 16. gr. a, og staðfesti hún heimild þeirra sem neyta réttar til að breyta skráningu kyns síns í Þjóðskrá til að breyta eigin nafni, millinafni og kenninafni. Áréttað er að 5. mgr. 13. gr., um að nöfnin verði að vera á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd, gildi um nafnbreytinguna, sjá þó undantekningar frá þeirri reglu í sama ákvæði.

Í 3. tölul. er mælt fyrir um breytingu á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975. Hún varðar þann kafla laganna sem fjallar um ófrjósemisaðgerðir. Í nefndum kafla er kveðið á um aðstæður sem heimila að gerð sé ófrjósemisaðgerð á einstaklingi og eru þær tæmandi taldar. Engin þeirra á fullkomlega við um það þegar ófrjósemisaðgerð er liður í breytingu á kyneinkennum sem einstaklingur óskar eftir að gerð verði og þykir því eðlilegt að mæla með skýrum hætti fyrir um slíka heimild. Skilyrði er að einstaklingurinn hafi verið upplýstur um þessa afleiðingu breytingarinnar og um möguleika á varðveislu kynfrumna áður en aðgerðin er gerð.

4. tölul. fjallar um breytingu á 1. mgr. 21. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, sem fjallar um ákvörðun vistunarstaðar til afplánunar fangelsisdóms. Það er Fangelsismálastofnun sem tekur ákvörðun um þetta og skal hún taka tillit til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig. Lagt er til að einnig verði tekið mið af kynvitund viðkomandi. Beinist breytingin ekki síst að einstaklingum sem ekki hafa fengið breytt kynskráningu sinni en mundu eiga erfitt með að dveljast í fangelsi fyrir einstaklinga af kyni sem þeir samsama sig ekki með. Hinsegin samtök í Danmörku (LGBT Danmark) hafa vakið athygli á þessu og einnig lagt áherslu á að sýna skuli aðgát þegar upplýsingar um leiðréttingarferli eða kyneinkenni trans einstaklinga í afplánun eru annars vegar til að forðast að þær lendi í höndum óviðkomandi aðila. Einnig er lögð til breyting á orðanotkun í 30. gr. til samræmis við efni frumvarpsins.

Í 5. tölul. er mælt fyrir um breytingu á því ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sem heimilar Þjóðskrá Íslands að taka gjald fyrir nafnbreytingar. Felur hún í sér að stofnuninni verði einnig heimilt að taka gjald fyrir breytingu á skráningu kyns.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í maí árið 2015 gaf umboðsmaður barna út álit um aðgerðir á intersex börnum. Þar er kallað eftir málefnalegri umræðu um stöðu barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni þar sem sérstakt tillit verði tekið til réttinda barna sem og sjónarmiða og reynslu intersex einstaklinga. Í tilmælum mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins eru aðildarríkin hvött til að láta fara fram rannsóknir á stöðu intersex fólks með tilliti til mannréttinda þess og þarfar fyrir vernd á ýmsum sviðum. Einnig segir þar að afar brýnt sé að efla vitund almennings og viðbrögð fagaðila við þeim vandamálum sem intersex fólk þarf að fást við. Heimila beri intersex fólki og hagsmunasamtökum þess að eiga hlutdeild í rannsóknum sem varða það og þróun og undirbúningi ráðstafana sem er ætlað að treysta mannréttindi þess. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um aðgerðir sem fela í sér breytingar á kyneinkennum barna. Mikilvægt er að halda umræðu áfram og er því lagt til ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra setji á fót starfshóp til að vinna að málefnum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal um heilbrigðisþjónustu við þau, og gera tillögur um úrbætur. Eins og fram kom í upphafi greinargerðarinnar var það metið sem svo við vinnslu frumvarpsins í ráðuneytinu, eftir m.a. yfirferð þeirra umsagna sem bárust, að ótímabært væri að fjalla í þessu frumvarpi um breytingar á kyneinkennum barna þar sem ýmis atriði í því sambandi þyrfti frekari skoðunar við. Gert er ráð fyrir að starfshópnum sem hér er mælt fyrir um verði falið að semja frumvarp til laga um breytingar á lögum um kynrænt sjálfræði, verði frumvarp þetta samþykkt, þar sem mælt verði fyrir um meginsjónarmið og reglur sem gilda skulu um breytingar á kyneinkennum barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Lagt er til að í hópnum verði barnaskurðlæknir, barnainnkirtlalæknir, barnasálfræðingur, barnageðlæknir, fulltrúi Intersex Ísland, kynjafræðingur, siðfræðingur og lögfræðingur með sérfræðiþekkingu á sviði mannréttinda. Mælt er fyrir um að hópurinn skili niðurstöðum sínum og tillögum... **Í vinnslu...**

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta gera gildandi lög það ekki að skilyrði fyrir breytingu á kynskráningu að viðkomandi hafi gengist undir ófrjósemisaðgerð. Sá möguleiki er því fyrir hendi að karlmaður gangi með og ali barn og að kona geti barn. Þetta er í sjálfu sér ekki ný staða en möguleikinn gæti orðið enn raunhæfari verði frumvarp þetta að lögum enda er í því gerður skýr greinarmunur á breytingu á kynskráningu í samræmi við kynvitund einstaklings annars vegar og breytingu á kyneinkennum hins vegar sem viðkomandi kann – eða kann ekki – að óska eftir. Enn hafa ekki verið gerðar breytingar á íslenskum lögum til að samræma þau þessum veruleika en brýnt er að gera það til að tryggja réttindi einstaklinga í þessari stöðu. Með þetta í huga er lagt til að ráðherra setji á laggirnar starfshóp sem hafi það verkefni að fjalla um og gera tillögur um breytingar á öðrum lögum til að tryggja réttindi trans fólks, ekki síst varðandi barneignir og foreldrastöðu. Nauðsynlegt er að hópurinn fjalli meðal annars um barnalög nr. 76/2003 og lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996 en fleiri lög kunna einnig að þurfa skoðunar við í þessu sambandi.